



## „Skipulag í óskipulaginu“

Líðan barna í leikskóla sem styðst við hugmyndir um flæði: Hver er reynsla foreldra?

Ingunn Heiða Kjartansdóttir

Júní 2019

Lokaverkefni til M.Ed.-prófs

Deild kennslu- og menntunarfræði



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
MENNTAVÍSINDASVIÐ



# **„Skipulag í óskipulaginu“**

Líðan barna í leikskóla sem styðst við hugmyndir um flæði: Hver er reynsla foreldra?

Ingunn Heiða Kjartansdóttir

Lokaverkefni til M.Ed.-prófs í Menntunarfræði leikskóla  
Leiðbeinendur: Kristín Karlsdóttir og Sara Margrét Ólafsdóttir

Deild kennslu- og menntunarfræði  
Menntavísindasvið Háskóla Íslands  
Júní 2019

„Skipulag í óskipulaginu“ Líðan barna í leikskóla sem styðst við hugmyndir um flæði: Hver er reynsla foreldra?

Ritgerð þessi er 30 eininga lokaverkefni til M.Ed.-prófs í menntunarfræði leikskóla við deild kennslu- og menntunarfræði Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© 2019, Ingunn Heiða Kjartansdóttir

Lokaverkefni má ekki afrita né dreifa rafrænt nema með leyfi höfundar.

## Formáli

Verkefni þetta er metið til fullnaðar meistaraþrófi í menntunarfræði leikskóla við deild kennslu- og menntunarfræði við Háskóla Íslands.

Frá því að ég hóf að stunda meistaranám í menntunarfræði leikskóla var áhugi minn á virkri þátttöku barna í leikskóla minn helsti drifkraftur í gegnum allt námið. Hugmyndin að verkefninu kviknaði því mjög snemma en átti þó eftir að taka ýmsum breytingum á leiðinni. Ástæða þess að viðfangsefni verkefnisins varð fyrir valinu er löngun mín til að breiða út mikilvægi þess að börn fái tækifæri til að vera virkir þátttakendur í leikskólastarfi og sá ávinningur sem af því hlýst.

Ég vil þakka Kristínu Karlsdóttur og Söru Margréti Ólafsdóttur, leiðsagnarkennurum mínum, kærlega fyrir góða og uppbyggjandi leiðsögn, aðstoð og hvatningu í öllu ferlinu. Samstarfsfólk mitt í leikskólanum þar sem ég starfa fær miklar þakkir fyrir umburðarlyndi, hvatningu og þann skilning sem það hefur sýnt mér, sem og leikskólastjórinn sem er einstök fyrirmynd og hefur veitt mér ómetanlegan stuðning og hvatt mig til dáða í gegnum allt námið. Ég vil þakka þeim foreldrum sem tóku þátt í rannsókninni, sýndu henni áhuga og lögðu sitt af mörkum svo verkefnið yrði að veruleika. Eiginmaður minn, Sigbór Árnason og börnin okkar tvö, Þórdís Eva og Gunnar Darri fá einstakar þakkir fyrir allan stuðninginn, þolinmæðina og hvatninguna sem þau hafa veitt mér í gegnum allt námið auk þess sem vinir, ömmur og afar fá miklar þakkir fyrir óeigingjarnt starf en þau voru alltaf tilbúin að hlaupa í skarðið þegar þörf var á.

Þetta lokaverkefni er samið af mér undirritaðri. Ég hef kynnt mér *Vísindasiðareglur Háskóla Íslands*. Ég hef gætt viðmiða um siðferði í rannsóknum og fyllstu ráðvendi í öflun og miðlun upplýsinga, og túlkun niðurstaðna. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem lagt hafa mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálf ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Reykjavík, 2. maí 2019

*Ingunn Heiða Kjartansdóttir*

## Ágrip

Meginmarkmið þessarar rannsóknar var að leita svara við því hver reynsla foreldra er af líðan barna þeirra í leikskóla sem styðst við hugmyndir um flæði. Tilgangurinn var að fá innsýn í hvaða þættir það eru sem hafa áhrif á líðan barna í leikskólanum, hvað foreldrum finnst vera vel gert og hvað þeir telja að hægt sé að bæta. Þá var tilgangurinn einnig að gera grein fyrir þeim þáttum svo aðrir leikskólar geti nýtt sér þá til þróunar í starfi.

Í rannsókninni var stuðst við eiginlega rannsóknaraðferð þar sem gagna var aflað með viðtölum við foreldra sex barna í leikskólanum Bogaborg. Auk þess var rýnt í fyrirliggjandi gögn svo sem heimasíðu, skipulag og námskrá leikskólans. Tekin voru viðtöl við foreldra sex barna, eitt af hverri deild nema tvö af einni. Viðmælendur voru valdir eftir hentugleika með það í huga að þeir hefðu skoðanir á starfinu og væru líklegir til að segja það sem þeim fyndist, hvort sem það væri jákvætt eða neikvætt.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til að líðan barna í leikskóla sem styðst við hugmyndir um flæði sé almennt góð, að mati foreldra. Þeir þættir sem foreldrar telja helst hafa áhrif þar á eru að virðing er borin fyrir börnunum og litið á þau sem fullgilda einstaklinga. Lögð er áhersla á lýðræðisleg vinnubrögð og börnunum veitt tækifæri til virkrar þátttöku. Námsumhverfi þeirra er skipulagt á þann hátt að þau fá tækifæri til að upplifa flæði. Það feli meðal annars í sér að dagskipulagið er sveigjanlegt, umhverfið veitir þeim tækifæri til sköpunar og uppgötvana, efniviðurinn er skapandi og býður upp á óendanlega möguleika og samskiptin eru jákvæð og persónuleg. Í ljósi þess að sífellt fleiri leikskólar styðjast við hugmyndir um flæði getur rannsókn þessi verið góð viðbót við þær upplýsingar sem þegar liggja fyrir varðandi hugmyndir um flæði í leikskólastarfi.

## **Abstract**

### **“Organized Chaos” Wellbeing of children in a preschool working with theories of flow: Parents’ experience.**

The aim of this study is to explore parents’ experience of their children’s wellbeing in a preschool working with theories of flow. The purpose is to gain insight into the factors influencing the wellbeing of the children in the preschool and parents’ opinions on what is done well and what can be improved. Finally to identify these factors and explore them for other preschools to use in development of their work.

The study was qualitative, where data was gathered by interviewing six parents of Bogaborg preschool. In addition existing data was explored, such as the preschool’s webpage and operational documents. Parents of six children were interviewed and each child was from a different classroom, except for two from the same classroom. Interviewees were selected by convenience sampling and the selection was based on them being likely to have strong opinions on the preschool work and not being afraid to express their opinions, whether positive or negative.

The main results of the research indicate that parents think that the wellbeing of their children in a preschool working with theories of flow is generally good. The main influencing factors, according to the parents, are respect for the children and them being viewed as competent individuals. Democratic methods are being emphasized and children given opportunities for active participation. Their environment is organized so that they can better experience flow. That involves flexible day-to-day routines, environment which encourages creativity and discovery, creative materials with endless possibilities and positive and personal interactions. Since more and more preschools are using theories of flow, this study can be a good addition to existing data reflecting on the theories of flow in preschool work.

# Efnisyfirlit

<b>Formáli</b> .....	<b>3</b>
<b>Ágrip</b> .....	<b>4</b>
<b>Abstract</b> .....	<b>5</b>
<b>Efnisyfirlit</b> .....	<b>6</b>
<b>Myndaskrá</b> .....	<b>8</b>
<b>1 Inngangur</b> .....	<b>9</b>
<b>2 Fræðileg umfjöllun</b> .....	<b>12</b>
2.1 Viðhorf til barna og barnæsku.....	12
2.2 Síðtímahugmyndir um börn og nám .....	13
2.3 Vellíðan barna og sjálfsmynd .....	14
2.4 Lýðræði í leikskólastarfi.....	14
2.5 Virk þátttaka barna.....	16
2.5.1 Þátttökustigi Hart .....	17
2.6 Hugmyndir um flæði í leikskólastarfi.....	19
2.6.1 Flæði og flæðiástand .....	19
2.6.2 Skipulag .....	21
2.6.3 Umhverfi.....	23
2.6.4 Efniviður .....	24
2.6.3 Samskipti .....	26
2.7 Foreldrasamstarf .....	27
2.8 Samantekt.....	29
<b>3 Rannsóknin</b> .....	<b>30</b>
3.1 Markmið og tilgangur rannsóknarinnar .....	30
3.2 Aðferðafræði .....	30
3.2.1 Þátttakendur.....	31
3.2.2 Gagnaöflun og gagnagreining .....	31
3.2.3 Trúverðugleiki rannsóknarinnar .....	33
3.2.4 Siðferðileg álitamál.....	33
3.3 Samantekt.....	34
<b>4 Niðurstöður</b> .....	<b>35</b>
4.1 Starfshættir Bogaborgar.....	35
4.2 Líðan barna í Bogaborg.....	36



4.3	Viðhorf starfsfólks til barnanna .....	37
4.4	Sveigjanlegt dagskipulag .....	37
4.5	Virk þátttaka barna í leikskólastarfinu .....	39
4.6	Opinn efniviður .....	41
4.7	Umhverfi Bogaborgar .....	43
4.8	Skógarrjóðrið Engi .....	44
4.9	Samskipti starfsfólks við börn og foreldra.....	46
4.10	Upplýsingamiðlun .....	47
4.11	Samantekt.....	48
<b>5</b>	<b>Umræður .....</b>	<b>51</b>
5.1	Viðhorf starfsfólks til barna í leikskólanum .....	51
5.2	Virk þátttaka barna í leikskólastarfinu .....	52
5.2.1	Þátttökustigi Hart .....	52
5.3	Flæði og námsumhverfi .....	53
5.3.1	Skipulag .....	54
5.3.2	Umhverfi.....	55
5.3.3	Efniviður .....	55
5.3.4	Samskipti .....	56
5.4	Upplýsingamiðlun .....	57
5.5	Samantekt.....	58
5.6	Áskoranir og álitamál.....	59
<b>6</b>	<b>Lokaorð.....</b>	<b>61</b>
	<b>Heimildaskrá.....</b>	<b>62</b>
	<b>Viðauki A: Viðtalsrammi.....</b>	<b>67</b>
	<b>Viðauki Á: Leyfi leikskólastjóra .....</b>	<b>68</b>
	<b>Viðauki B: Tilkynning til Reykjavíkurborgar.....</b>	<b>69</b>
	<b>Viðauki D: Upplýst samþykki þátttakenda .....</b>	<b>70</b>

## Myndaskrá

Mynd 1 Flæði.....	20
Mynd 2 Flæði og flæðiástand.....	20

# 1 Inngangur

Hlutverk leikskólakennara er meðal annars að sjá til þess að borin sé virðing fyrir börnum í leikskólum og þau virt að verðleikum. Það er í höndum leikskólakennara að stuðla að því að námsumhverfi barnanna sé skipulagt með það að markmiði að þau njóti barnæsku sinnar sem best. Hver og einn leikskóli sér um að móta sína eigin námskrá sem byggð er á grunni Aðalnámskrár og er það undir hverjum og einum leikskóla komið að velja sér stefnur og strauma til að vinna eftir. Þá er lagt upp með að leikskólakennarar hlusti á sjónarmið barna og taki mið af þeim. Þannig fá börn tækifæri til virkrar þátttöku í leikskólastarfi og borin er virðing fyrir innsæi þeirra, færni og skoðunum (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011).

Haustið 2004 byrjaði ég að vinna sem leiðbeinandi í leikskóla og starfaði með börnum í elsta árgangi. Mér líkaði starfið vel, starfsandinn var góður og börnunum virtist líða vel. Dagskipulagið var vel skipulagt og leikskólakennarar vissu alltaf hvar þeir áttu að vera staðsettir og hvaða verkefnum þeir áttu að sinna. Í hópastarfi var stuðst við ákveðið hefti sem var skipulagt út allan veturinn og því alltaf augljóst hvaða verkefni átti að vinna hvenær í hópastarfinu. Börnin fylgdu skipulaginu með kennurunum og gerðu eins og til var ætlast af þeim. Mér leið vel á vinnustaðnum og fannst ég heppin að starfa í þessum vinalega leikskóla. Þrátt fyrir það var eitthvað sem heillaði mig ekki við það að læra að verða leikskólakennari og starfa hugsanlega við það út starfsævi mína. Ég vissi þó að ég vildi starfa með börnum og þegar ég fór í háskólanám varð uppeldis- og menntunarfræði fyrir valinu. Á meðan ég var að átta mig á því hvað ég vildi gera með menntunina mína eftir útskrift vorið 2009 fór ég aftur að vinna með börnum í elsta árgangi leikskóla en á öðrum stað. Leikskóla sem ég hef gefið nafnið Bogaborg í þessu verkefni. Þar kynntist ég starfsemi sem hefur heillað mig frá fyrsta degi. Dagskipulagið er sveigjanlegt, það er ekki fastmótað og þaulskipulagt heldur mótast af áhuga, vonum og væntingum barnanna. Virðing er borin fyrir sjónarmiðum þeirra og lagt uppúr því að börnin fái tækifæri til virkrar þátttöku. Með þessum breyttu áherslum frá því sem var í hinum leikskólanum er mín upplifun sú að ég fæ fleiri tækifæri til að gefa af mér til barnanna og sömuleiðis fá þau fleiri tækifæri til að gefa af sér. Eftir að hafa öðlast reynslu frá tveimur leikskólum með ólíkt dagskipulag áttaði ég mig á því að það var sveigjanlegt skipulag, virðingin fyrir sjónarmiðum barnanna og virk þátttaka þeirra í starfinu sem heillaði mig og vakti áhuga minn. Það vakti mig til umhugsunar um eigið viðhorf, sem og annarra, til barna og tækifæra þeirra til þátttöku í leikskólastarfi. Það var þess vegna sem ég ákvað að hefja nám að nýju og stefna á að verða leikskólakennari.

Í dag starfa ég í leikskóla þar sem dagskipulagið er sveigjanlegt, án hópastarfs og fjölda skipulagðra stunda. Áhersla er lögð á að skapa börnunum námsumhverfi sem veitir þeim

tækifæri til að upplifa flæði (e. flow) en síðastliðin ár hefur það færst í aukana að leikskólar taki upp slíkt skipulag. Hugtakið flæði kemur frá ungverska sálfræðingnum Csikszentmihalyi sem er einna helst þekktur fyrir rannsóknir sínar á sviði jákvæðrar sálfræði (Sara Margrét Ólafsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir, 2016a). Flæði felur í sér að einstaklingar hafi það mikla ánægju af því sem þeir fást við að þeir gleyma stað og stund og ekkert annað kemst að en að halda áfram með viðfangsefnið. Við slíkar aðstæður kemst einstaklingurinn í svokallað flæðiástand (Csikszentmihalyi, 1990).

Í rannsókninni voru tekin viðtöl við foreldra barna í einum leikskóla, Bogaborg, og gerð grein fyrir reynslu foreldranna af líðan barna þeirra í leikskóla þar sem þau fá tækifæri til að upplifa flæði. Í Bogaborg er reynt eftir fremsta megni að elta áhuga barnanna og er metnaður fyrir því að börnin finni gleðina og ánægjuna í því sem þau taka sér fyrir hendur. Áhersla er lögð á þátttöku barna í ákvarðanatöku og að virðing sé borin fyrir sjónarmiðum þeirra innan leikskólans. Ég og samstarfsfólk mitt teljum vel hafa tekist til hjá okkur við að þróa framsækið leikskólastarf og langaði mig að athuga hvaða innsýn foreldrar hefðu í leikskólastarfið og hvaða viðhorf þau hefðu til þess. Ég tel mikilvægt að geta varpað ljósi á það sem vel er gert í leikskólastarfinu og hvað það er sem foreldrar telji að stuðli að ánægju barna þeirra. Aftur á móti tel ég jafn mikilvægt að varpa ljósi á það sem betur má fara því þrátt fyrir velgengni og ánægjuraddir er reynsla og upplifun einstaklinga misjöfn og alltaf er hægt að gera betur. Von mín er sú að niðurstöður rannsóknarinnar varpi ljósi á reynslu foreldra af líðan barna þeirra í leikskóla þar sem þau fá tækifæri til að upplifa flæði auk þess sem ég vona að niðurstöðurnar nýtist öðrum leikskólakennurum í þróun í eigin starfi. Einnig mun rannsóknin styðja við þróunarverkefni sem verið er að vinna í leikskólanum þar sem verið er að skoða hlutverk kennara í flæði.

Í fræðilegri umfjöllun verður gerð grein fyrir viðhorfum til barna og barnæsku og þeirri miklu þróun sem þar hefur átt sér stað undanfarna áratugi en í dag er litið svo á að barnæskan mótist af umhverfi og aðstæðum í stað þess að vera stöðug, algild eða óbreytanleg líkt og áður var talið (Jóhanna Einarsdóttir, 2008a). Fjallað verður um síðtímahugmyndir um börn og nám og hvernig nú til dags er litið á barnæskuna sem viðurkennt tímabil í stað þess að vera einungis undirbúningur fyrir fullorðinsárin (Jóhanna Einarsdóttir, 2008a). Gerð verður grein fyrir tengslum vellíðunar barna og sjálfsmyndar þeirra og hvaða þættir hafa mótandi áhrif á sjálfsmynd barna. Þá verður fjallað um lýðræði í leikskólastarfi og virka þátttöku barna og gerð grein fyrir því hversu nátengdir þessir þættir eru en með lýðræði í leikskólastarfi og þar af leiðandi auknum tækifærum barna til virkrar þátttöku má stuðla að vellíðan þeirra (Erla Ósk Sævarsdóttir og Kristín Karlsdóttir, 2016). Fjallað verður um átta þrepa þátttökustiga Hart (1992) sem er matskvarði til að meta þátttöku barna. Því næst verður gerð grein fyrir hugmyndum um flæði í leikskólastarfi en það

er í höndum leikskólakennara að skapa börnum námsumhverfi sem er hvetjandi og veitir þeim tækifæri til að upplifa flæði (Sara Margrét Ólafsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir, 2016a). Þeir þættir sem fjallað verður um í því samhengi eru; dagskipulag leikskóla, umhverfi, efniviður og samskipti. Að lokum verður gerð grein fyrir foreldrasamstarfi og viðhorfi foreldra til leikskólastarfsins. Það er mikilvægt að fá heildarsýn á velferð og vellíðan barna með góðum samskiptum milli heimilis og leikskóla því líðan barna er ekki eingöngu háð leikskólanum heldur er hún samofin velferð fjölskyldu og heimilis (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011). Auk tölvupóstsamskipta og óformlegra samskipta milli leikskólakennara og foreldra dagsdaglega veitir samskiptamiðillinn Facebook foreldrum góða innsýn í leikskólastarfið og getur þannig haft mótandi áhrif á viðhorf þeirra (Dagbjört Svava Jónsdóttir, 2016).

## 2 Fræðileg umfjöllun

Í þessum kafla verður fjallað um þann fræðilega grunn sem efni ritgerðarinnar byggir á. Fjallað verður um það hvernig viðhorf til barna og barnæsku hafa þróast í gegnum tíðina. Þá verður fjallað um síðtímahugmyndir um börn og nám, vellíðan og sjálfsmynd barna, lýðræði í leikskólastarfi, virka þátttöku barna og hvernig hægt er að greina hana, hugmyndir um flæði í leikskólastarfi og foreldrasamstarf.

### 2.1 Viðhorf til barna og barnæsku

Á síðastliðnum áratugum hafa viðhorf til barna og barnæsku tekið miklum breytingum. Frá 1960, eða síðan farið var að skilgreina barnæskuna sem sérstætt tímabil, hafa hugmyndir um hana meðal annars verið í anda; móðernisma þar sem börn hafa ýmist verið talin góð eða slæm, að börn séu álitin sem „óskrifað blað“ eða að þau fylgi ákveðinni þroskalínu og að lokum að börn hafi annað hvort verið varnarlaus eða sterk og hæf. Þegar talað er um góð eða slæm börn er annars vegar átt við að börn séu góð í eðli sínu og að það sem þau gera rangt sé ekki þeim að kenna heldur hinum fullorðnu og umhverfinu sem þeim er skapað. Hins vegar er átt við með slæmum börnum að þau fæðist með slæma eiginleika sem hinir fullorðnu eða kennarar þurfi að aga til eða breyta til batnaðar (Jóhanna Einarsdóttir, 2008a). Það að börn fæðist sem „óskrifada blað“ eða fylgi ákveðinni þroskalínu er annars vegar skilgreint þannig að börn öðlist alla sína þekkingu og kunnáttu af umhverfinu sem smátt og smátt fyllir út hið „óskrifada blað“ af reynslu og hins vegar að öll börn gangi í gegnum ákveðin þroskastig á ákveðnum aldri. Þau læri einungis það sem hæfir aldri þeirra og þroska og ekki er gert ráð fyrir áhrifum náms á þroskann (Dahlberg, Moss og Pence, 2013; Jóhanna Einarsdóttir, 2008a). Þegar litið er á börn sem varnarlaus eða sterk og hæf eru þau annars vegar vernduð frá öllu sem talið er að þeim geti stafað hættu af, sem getur leitt af sér þekkingar- og varnarleysi þegar á reynir, og hins vegar talin vera sterkir og hæfir einstaklingar með sinn eigin rétt. Þær hugmyndir má meðal annars rekja til þess að farið var að líta á barnæskuna sem félags- og menningarlega mótaða (Jóhanna Einarsdóttir, 2008a).

Undanfarna áratugi hefur aukin áhersla verið lögð á að barnæskan mótist af umhverfi og aðstæðum í stað þess að vera stöðug, algild eða óbreytanleg. Litið er á barnæskuna sem viðurkennt tímabil en ekki einungis undirbúning fyrir fullorðinsárin. Þar af leiðandi er því haldið fram að ekki þurfi að bíða eftir að börn nái ákveðnum aldri eða þroska til að hægt sé að kenna þeim ákveðna hluti eða þau verði tilbúin til að taka eigin ákvarðanir. Lögð er ríkari áhersla á tengsl og gagnkvæm samskipti barna og fullorðinna og litið er á börn sem virka einstaklinga í að skapa og móta eigið líf. Þeim viðhorfum til barna og barnæsku sem greina

hefur mátt í gegnum tíðina hefur ekki verið hafnað eða þau lítillækkuð heldur hefur bæst við þekking auk þess sem viðhorf og áherslur hafa breyst (Jóhanna Einarsdóttir, 2008a).

Þrátt fyrir ákveðin samfélagsleg viðhorf til barna í gegnum tíðina eru viðhorf einstaklinga einnig persónubundin og hafa áhrif á það hvernig einstaklingar innan samfélagsins, til dæmis foreldrar eða leikskólakennarar, koma fram við börn og til hvers er ætlast af þeim. Þá hafa mismunandi viðhorf til barna einnig áhrif á það hvort og hvernig hlustað er á þau og hvort þau fái tækifæri til að vera virkir þátttakendur í að móta eigið umhverfi. Í ljósi þess að leikskólinn er daglegt umhverfi flestra íslenskra barna liggur í augum uppi að viðhorf leikskólakennara til þeirra skiptir miklu máli (Anna Magnea Hreinsdóttir, 2008; Hagstofa Íslands, e.d.). Því er áhugavert skoða hver reynsla foreldra er af líðan barna þeirra í leikskóla þar sem lögð er áhersla á tækifæri barnanna til virkrar þátttöku og lagt er upp með að þau geti upplifað flæði. Þá er vonandi hægt í framhaldinu að miðla niðurstöðum rannsóknarinnar til annarra leikskólakennara og hafa með því jákvæð áhrif á viðhorf þeirra til barna og þróunar í starfi.

## 2.2 Síðtímahugmyndir um börn og nám

Viðhorf til barna og barnæsku hafa áhrif á það hvort börn fái tækifæri til að hafa áhrif á líf sitt og þátttöku í samfélaginu. Um og upp úr síðustu aldamótum hafa þessi viðhorf þróast í átt til síðtímahugmynda (e. postmodernism) og þar með breyst á þann hátt að meiri virðing er borin fyrir sjónarmiðum barna. Nú til dags er algengara að barnið sé álitid fullgildur einstaklingur í samfélaginu sem fær að láta skoðanir sínar í ljós og hafa áhrif á líf sitt með virkri þátttöku í samfélaginu, heimili og skóla (Dahlberg o.fl., 2013; Jóhanna Einarsdóttir, 2008a). Á sama tíma og barnið mótast sig og umhverfi sitt mótast umhverfið barnið en talið er að samfélagið og mannleg samskipti séu einn veigamesti þátturinn í mótun barnsins. Í því samhengi er átt við samskipti milli barna, foreldra, kennara og samfélagsins í heild. Það rímar við kenningar Vygotsky en hann telur að börn læri í félags- og menningarbundnu samhengi í samvinnu við aðra, hvort sem það eru fullorðnir eða getumeiri einstaklingar, jafnaldrar eða aðrir (Jóhanna Einarsdóttir, 2008a). Vygotsky útskýrði nám út frá hugtakinu svæði hins mögulega þroska eða þroskasvæði (e. zone of proximal development). Þá er litið svo á að nám fari fram á þroskasvæðinu eða því bili sem myndast við þær aðstæður þegar barn getur ekki leyst verkefni af hendi á eigin vegum en getur það með aðstoð getumeiri einstaklings. Samkvæmt því krefst nám samvinnu og samskipta í stað þess að vera einangrað ferli (Jóhanna Einarsdóttir, 2008a; Rogoff, 2003).

Samkvæmt síðtímahugmyndum er ekki einungis litið svo á að einstaklingur sé hluti af stærra samhengi heldur jafnframt að hann sé einstakur og fái notið sín sem einstaklingur. Áhersla er lögð á margbreytileika og einstaklingsmun, tekið er tillit til ólíkra þarfa og skoðana

barna og litið er á hvert og eitt þeirra sem einstakt. Raddir barna fá að njóta sín og gert er ráð fyrir að viðhorf þeirra séu mismunandi, líkt og viðhorf fullorðinna. Í stað þess að gera ráð fyrir að öll börn feti sömu brautina og læri á sama hátt á sama tíma er horft á einstaklinginn og hans þörfum mætt (Jóhanna Einarsdóttir, 2008a). Með aukinni trú fullorðinna á börn eflist sjálfstæði þeirra og þau fá tækifæri til að taka virkan þátt í að mynda og móta sinn eigin skilning. Það hvetur börn til gagnrýninnar hugsunar því með auknu sjálfstæði gera börn frekar kröfur á eigin getu til að taka ákvarðanir og geta rökstutt sínar skoðanir og sjónarmið (Dahlberg o.fl., 2013).

### **2.3 Vellíðan barna og sjálfsmynd**

Í Aðalnámskrá leikskóla kemur fram að andleg, líkamleg og félagsleg vellíðan (e. well-being) séu undirstaða heilbrigðis og ráðist af flóknu samspili einstaklings, aðstæðna og umhverfis. Í ljósi þess að börn verja stórum hluta dagsins í leikskólanum þarf leikskólastarfið að stuðla markvisst að velferð og vellíðan barna þar sem umhverfið er heilsueflandi og hlúð er að þroska og heilbrigði þeirra. Vellíðan barna er tengd sjálfsmynd þeirra og er mikilvægt að hvert og eitt þeirra fái tækifæri til að vinna með sína styrkleika og byggja þannig upp jákvæða sjálfsmynd (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011). Sjálfsmyndin (e. identity) getur átt þátt í því hvernig barnið tekst á við ný viðfangsefni og hvort það hafi trú á eigin getu til að bæta sig. Mótun sjálfsmyndar byggist meðal annars á því hvort barnið líti á ögrandi verkefni sem áskorun sem það kys að takast á við. Barnið þarf þá að hafa áhuga á að skilja verkefnið og vilja til að nýta það til að bæta eigin hæfni og þekkingu í stað þess að sækja stöðugt í jákvæða endurgjöf frá öðrum (Kristín Karlsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir, 2008). Til að efla sjálfsmynd barna og stuðla að vellíðan þeirra skiptir máli að þau finni að hlustað sé á þau og virðing borin fyrir þeim. Mikilvægt er að börn upplifi að skoðanir þeirra og viðhorf séu virt og að brugðist sé við þegar þau sýna einhverju áhuga (Sara Margrét Ólafsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir, 2016b).

### **2.4 Lýðræði í leikskólastarfi**

Aðalnámskrá leikskóla kveður á um að lýðræði (e. democracy) skuli ríkja í leikskólum. Lagt er upp með að leikskólinn sé lýðræðislegur vettvangur þar sem allir viðkomandi, börn, foreldrar og starfsfólk, eru virkir þátttakendur í ákvarðanatöku varðandi málefni leikskólans. Þar er tilgreint að með lýðræðislegu leikskólastarfi sé átt við að jafnrétti og fjölbreytileiki séu ríkjandi, samábyrgð og samstaða virt auk þess sem ólík sjónarmið fái að njóta sín. Þá eiga börn að upplifa að borin sé virðing fyrir þeim og að þau séu álitin hluti af samfélagi þar sem réttlæti og virðing einkennir samskiptin. Að auki skal líta á börn sem virka borgara og



þátttakendur í samfélaginu þar sem hvert og eitt þeirra fær tækifæri til að leggja sitt af mörkum og hafa áhrif á umhverfi sitt (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011).

Eftir seinni heimsstyrjöld var hópur foreldra í bænum Reggio Emilia í Norður Ítalíu sem leit svo á að mikilvægt væri að byggja upp æsku landsins með lýðræði að leiðarljósi eftir hörmungarnar sem höfðu átt sér stað. Þeir vildu þurrka út fasisma í samfélaginu og fá góða menntun fyrir börn sín. Þeir vildu stuðla að lýðræðislegu uppeldi sem leiddi af sér lýðræðislega þenkjandi börn og fengu til þess góða aðstoð frá kennaranum og sálfræðingnum Loris Malaguzzi (Hall, K., Horgan, M., Ridgway, A., Murphy, R., Cunneen, M. og Cunningham, D., 2010). Leikskólar í Reggio Emilia hafa staðið framarlega í vinnu með lýðræði og er þátttaka barna í ákvarðanatöku talin vera einn mikilvægasti hlekkurinn í skólasterfinu (Guðrún Alda Harðardóttir og Baldur Kristjánsson, 2013; Hoyuelos, A., 2013).

Samkvæmt hugmyndum sem leikskólar í Reggio Emilia byggja á er litið svo á að börn séu alla jafna fær um að tengjast umheiminum strax frá fæðingu og finna sér leiðir til að þroskast og dafna. Litið er á þau sem sterka einstaklinga og lögð er áhersla á sjálfræði þeirra og sjálfstæði. Lagt er upp með að þau fái nægan tíma og rými til leiks og finni innri hvata til að fræðast. Áherslur í leik og starfi eru háðar áhuga barnanna og er mikilvægt að börn og leikskólakennarar hlusti hvert á annað og séu opin fyrir breytingum. Í skólum Reggio Emilia er hlutverk leikskólakennara ekki að kenna börnum með því að mata þau af upplýsingum heldur er þeirra hlutverk að vera til staðar ef börnin vantar aðstoð eða leiðsögn, hlusta, taka spurningum þeirra af opnum huga og deila með þeim hugmyndum og áætlunum (Hall o.fl., 2010).

Lýðræði barna í leikskólasterfi er nátengt vellíðan þeirra því með auknum tækifærum barna til virkrar þátttöku má stuðla að vellíðan (Erla Ósk Sævarsdóttir og Kristín Karlsdóttir, 2016). Í lögum um leikskóla segir að markmið leikskólasterfs sé meðal annars að stuðla að því að börn verði sjálfstæðir einstaklingar sem taka virkan og ábyrgan þátt í lýðræðisþjóðfélagi þar sem áhersla er lögð á velferð og hag þeirra (Lög um leikskóla nr. 90/2008). Þetta rímar við hugmyndir John Dewey sem leit á leikskólann sem lítið samfélag og taldi það kjörinn stað fyrir börn til að upplifa lýðræði í raun og þar með væri ólíkum sjónarmiðum þeirra gefið vægi. Hann taldi ástæðu til að áhersla væri lögð á að þjálfra eiginleika hjá börnum sem stuðla að lýðræði þar sem lagt er upp með að allir fái tækifæri til að taka virkan þátt og leggja sín lóð á vogarskálarnar (Dewey, 2000; Jóhanna Einarsdóttir, 2008b).

Ef lýðræði á að gilda í leikskólasamfélaginu þurfa raddir allra, bæði barna og fullorðinna, að heyrast og mikilvægt er að hagsmunir fullorðinna gangi ekki fyrir hagsmunum barna. Allir þurfa að fá tækifæri til láta skoðanir sínar í ljós og leggja sitt af mörkum án þess að aldur eða staða hafi áhrif þar á. Það er mikilvægt að hver og einn upplifi sig sem hluta af heildinni og fái þannig tækifæri til að vinna að markmiðum sínum. Til að slíkt megi vera þurfa virðing,

jafnvægi og virkni að einkenna samfélagið (Guðrún Alda Harðardóttir og Baldur Kristjánsson, 2013). Til að skapa lýðræðislegan vettvang fyrir börn í leikskóla er ýmislegt sem leikskólakennarinn getur gert. Hann getur til dæmis hlustað á raddir barna í gegnum ólíkan tjáningarmáta þeirra, stutt þau í að afla sér upplýsinga og hjálpað þeim að átta sig á eigin viðhorfum. Leikskólakennarinn getur auk þess hvatt börnin til að setja sig í spor annarra og að taka eigin ákvarðanir (Erla Ósk Sævarsdóttir og Kristín Karlsdóttir, 2016; Hall o.fl., 2010).

Lýðræði í leikskólasamfélaginu hefur einnig áhrif á það hvort börn fái tækifæri til að upplifa flæði eða ekki. Í nýlegri íslenskri rannsókn má sjá hvernig dýpri skilningur starfsfólks leikskóla á réttindum barna og lýðræðislegri þátttöku þeirra varð til þess að starfshættir breyttust og líktust í auknum mæli starfsháttum sem byggja á hugmyndum um flæði. Þau skref sem tekin voru í átt til lýðræðis voru meðal annars að valkerfið var lagt niður þannig að börnin höfðu frjálst val um viðfangsefni og leikfélaga, efniviðurinn var gerður börnunum aðgengilegur og þá voru sögustund, söngstund í sal og útivera barnanna höfð valkvæð. Þetta leiddi af sér fleiri tækifæri barnanna til virkrar þátttöku og var hægt að greina aukna trú starfsfólksins á styrkleika og hæfni barnanna (Erla Ósk Sævarsdóttir og Kristín Karlsdóttir, 2016).

Í leikskólanum Bogaborg er reynt eftir bestu getu að skapa lýðræðislegt samfélag þar sem börn og leikskólakennarar deila sínum skoðunum og allir fá tækifæri til að hafa áhrif á starfið. Með lýðræði að leiðarljósi er lögð áhersla á vellíðan barna, virka þátttöku þeirra og tækifæri til að upplifa flæði. Því er fróðlegt að vita hvort lýðræði sé einn af þeim þáttum sem þátttakendur rannsóknarinnar telji vera áhrifaþátt á líðan barna sinna í leikskólanum. Líta má svo á að leikskólasamfélag Reggio Emilia hafi að vissu leyti rutt brautina fyrir lýðræði barna og virka þátttöku þeirra í ákvarðanatöku síðastliðna áratugi. Það er því við hæfi að fjalla hér á eftir um virka þátttöku barna og í hverju hún er fólgin.

## 2.5 Virk þátttaka barna

Í kjölfar breyttra viðhorfa til barna og barnæsku hafa sjónarmið þeirra og þátttaka fengið meira vægi en áður. Með þátttöku í þessu samhengi er ekki átt við þátttöku í ákveðnum verkefnum heldur víðtækari þátttöku eins og virka þátttöku (e. active participation) í ákvarðanatöku (Anna Magnea Hreinsdóttir, 2008). Jóhanna Einarsdóttir (2008b) útskýrði í rannsókn sinni hvers vegna þessir þættir hefðu fengið aukið vægi. Hún sagði fyrstu ástæðuna vera þá að hæfni barna væri viðurkennd. Að börn væru getumikil og hefðu sérstakt innsæi, sjónarmið og reynslu sem gæti kennt fullorðnum ýmislegt um líf barna og tilveru. Önnur ástæðan var sú að réttindi barna eru orðin meiri og má geta þess að í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eru greinar sem gera sérstaklega grein fyrir þátttöku barna (Jóhanna Einarsdóttir, 2008b). Þar segir meðal annars að börn eigi rétt á að hlustað sé á skoðanir

þeirra í málefnum sem varða þau sjálf og að tillit sé tekið til sjónarmiða þeirra miðað við aldur og þroska. Auk þess segir að börn eigi rétt á að láta í ljós skoðanir sínar og að virða skuli réttindi þeirra til frjálsrar hugsunar og sannfæringar. Í Barnasáttmálanum er einnig kveðið á um réttindi barna til að mynda félög með öðrum og réttindi þeirra til frjálsrar þátttöku í menningarlífi og listum (Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, 1989). Þriðja ástæðan sem Jóhanna Einarsdóttir (2008b) fjallar um varðandi aukna þátttöku barna er menntun þeirra til lýðræðislegrar þátttöku. Fjallað hefur verið um mikilvægi þess að börn upplifi lýðræði í skólum því meiri líkur eru á lýðræðislegum vinnubrögðum í þjóðfélaginu ef unnið hefur verið á lýðræðislegan hátt með börnum í skólasamfélaginu. Fjórdá ástæðan er valdefling barna. „Með þátttöku barna og áhrifum á málefni sem þau varða er börnum sýnd virðing og gefin ákveðin völd. Þeim er gefið til kynna að hinir fullorðnu virði hæfni þeirra og skoðanir og líti á þau sem samstarfsaðila. Valdefling barnanna eykst þegar þau hafa ákvörðunarvald yfir því sem þau fást við í daglegu lífi“ (Jóhanna Einarsdóttir, 2008b, bls. 116). Fimmta og síðasta ástæðan er út frá hagkvæmnissjónarmiði. Reynst hefur vel að hafa börn með í ákvarðanatöku því það eykur líkur á að þau tileinki sér það sem ákveðið er og ná betur að samsama sig hlutunum. Ef kennari til að mynda hlustar á börnin og fær þau til að segja frá upplifun sinni er líklegra að hann geti sniðið skólastarfið að hugmyndum barnanna og aukið þar af leiðandi áhuga þeirra á náminu (Jóhanna Einarsdóttir, 2008b). Þetta má yfirfæra á leikskólastarf þar sem unnið er með lýðræðisleg vinnubrögð. Í slíku leikskólastarfi eru börnum gefin tækifæri til virkrar þátttöku og litið svo á að í samskiptum og samvinnu þeirra við fullorðna geti allir haft áhrif í leikskólasamfélaginu (Erla Ósk Sævarsdóttir og Kristín Karlsdóttir, 2016).

Til að greina og meta þátttöku barna hafa verið þróaðir rammar eða líkön sem hægt er að styðjast við. Eitt þekktasta líkanið sem hannað hefur verið með þetta að sjónarmiði er þátttökustigi Roger Hart (Hart, 1992 ).

### **2.5.1 Þátttökustigi Hart**

Árið 1980 kynnti Roger Hart átta þrepa þátttökustiga sem hægt er að styðjast við þegar meta og greina á þátttöku barna. Upphaflega þróaði hann þátttökustiginn til að auka umræðuna um þjóðfélagslega þátttöku barna og markmiðið var að hann gæti nýst sem verkfæri fyrir fullorðna til að meta og greina starf þeirra með börnum. Þá lagði hann áherslu á að þátttökustiginn sýndi eðlismun en ekki stigsmun. Með því átti hann við að eitt þrep væri ekki æðra öðru heldur að þau væru ætluð til að sýna hvers eðlis þátttakan er. Jafnframt lagði Hart áherslu á að öll börn ættu að fá tækifæri til þátttöku sem er þess eðlis að þau geti tilheyrð áttunda þrepinu en þá á þeirra forsendum og að eigin vali (Guðrún Alda Harðardóttir og Baldur Kristjánsson, 2013). Eins og fram hefur komið skiptist þátttökustiginn í átta þrep. Fyrsta þrepið felur í sér fullkomna stjórnun fullorðinna og enga þátttöku barna. Eftir því sem

þrepin hækka eykst þátttaka barnanna og í áttunda þrepinu er þátttaka þeirra mest og lögð áhersla á samræður og samstarf fullorðinna og barna (Hart, 1992; Jóhanna Einarsdóttir, 2008b). Þrepin í þátttökustiga Hart eru eftirfarandi:

1. *Stjórnun* (e. manipulation). Þetta er fyrsta þrepið í þátttökustiganum og einkennir algjöra stjórnun hinna fullorðnu. Þátttaka barna er á forsendum fullorðinna sem ráðskast með þau og stjórna gjörðum þeirra. Þau fá ekki upplýsingar um hvers vegna þau eiga að gera það sem til er ætlast og því fylgja þau einungis fyrirmælum fullorðinna. Lögð er áhersla á niðurstöðu verkefnisins frekar en ferlið.
2. *Skreyting* (e. decoration). Þetta þrep er ekki ólíkt fyrsta þrepinu en hér er þátttaka barna að mestu til skrauts. Þátttakan er lítil sem engin og þau fá ekki að hafa áhrif á ákvarðanatöku. Munurinn er sá að í þessu þrepi er ekki farið leynt með tilganginn.
3. *Tákn* (e. tokenism). Í þriðja þrepinu er þátttaka barna enn lítil sem engin. Hún er frekar táknræn og hafa börnin lítið sem ekkert að segja um þátttöku sína. Það þykir flott að hafa þau með en raddir þeirra fá ekki að heyrast.
4. *Úthlutað en upplýst þátttaka* (e. assigned but informed participation). Í þessu þrepi er börnum úthlutað verkefni en áður en þau samþykkja þátttöku sína fá þau vitneskju um hver tilgangur þess er og til hvers er ætlast af þeim. Í stað þess að þátttaka þeirra sé táknræn eða til skrauts hafa börnin merkingarbært hlutverk.
5. *Ráðgefandi og upplýst* (e. consulted and informed). Í þessu þrepi er verkefninu stjórnað af fullorðnum en börnum eru veitt tækifæri til að taka þátt í ferlinu og láta í ljós skoðanir sínar sem borin er virðing fyrir.
6. *Frumkvæði fullorðinna en sameiginleg ákvarðanatöku* (e. adult initiate projects, sharing decisions with children). Í sjötta þrepinu er raunveruleg þátttaka barna orðin meiri. Þrátt fyrir að hinir fullorðnu eigi frumkvæðið eru börnin höfð með í ákvarðanatökunni.
7. *Frumkvæði og stjórnun barna* (e. child initiated and directed projects). Í þessu þrepi hafa börnin tekið stjórnina, eiga frumkvæðið og taka ákvarðanirnar án afskipta fullorðinna.
8. *Frumkvæði barna en sameiginleg ákvarðanatöku* (e. child initiated, shared decisions). Í áttunda og síðasta þrepinu er þátttaka barna mest. Þau eiga hugmyndina og frumkvæðið að verkefninu. Fullorðnir virða þeirra sjónarmið og í sameiningu vinna börn og fullorðnir að framkvæmd verkefna. Í þessu þrepi er áhersla lögð á samvinnu barna og fullorðinna þar sem gagnkvæm virðing ríkir í stað þess að börn stjórni án afskipta fullorðinna líkt og í sjöunda þrepinu (Hart, 1992; Guðrún Alda Harðardóttir og Baldur Kristjánsson, 2013; Jóhanna Einarsdóttir, 2007).

Samkvæmt þátttökustiga Hart má sjá að þátttaka barna getur verið frá því að vera lítil sem engin til þess að vera virk þátttaka þar sem hlustað er á sjónarmið barna og þau fá tækifæri

til að hafa áhrif á umhverfi sitt. Fróðlegt er að sjá hvort hægt sé að greina þátttöku barnanna í Bogaborg út frá þáttökustiga Hart (1992) miðað við reynslu foreldra þeirra og því sem þeir telja að hafi áhrif á líðanina.

Leikskólakennarar geta stutt við þátttöku barna með því að taka tillit til hvers og eins þeirra, líta á þau sem ólíka einstaklinga og viðurkenna mismunandi þarfir þeirra og áhugamál (Sara Margrét Ólafsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir, 2016b). Emilsson og Folkesson (2006) skýrðu frá því í rannsókn sinni að til að auka tækifæri barna til virkrar þátttöku í leikskólanum þarf skipulagið að vera sveigjanlegt og stýring af hálfu kennara takmörkuð. Þannig fá börnin meira vald og læra frekar að leita lausna og leysa vandamál með ólíkum hætti. Ef stýring kennara er mikil eru tækifæri barna til virkrar þátttöku færri og frumkvæði þeirra er minna. Í ljósi þess að virk þátttaka barna í leikskólastarfi veitir þeim tækifæri til að hafa áhrif á viðfangsefni sín þá stuðlar virk þátttaka einnig að auknum tækifærum barna til að upplifa flæði í leikskólanum.

## 2.6 Hugmyndir um flæði í leikskólastarfi

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir hugtökunum flæði og flæðiástand og þau tengd við leikskólastarf. Þá verður farið yfir þá þætti sem þarf að huga að svo stuðla megi að því að börn komist í flæðiástand í leikskólanum. Í því samhengi er fjallað um dagskipulag leikskóla, umhverfi, efnivið og samskipti.


### 2.6.1 Flæði og flæðiástand

Í auknum mæli hafa íslenskir leikskólar tekið upp dagskipulag sem byggir á hugmyndum um flæði (Sara Margrét Ólafsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir, 2016a). Hugtakið flæði (e. flow) er komið frá sálfræðingnum Mihaly Csikszentmihalyi sem þekktur er fyrir rannsóknir sínar á sviði jákvæðrar sálfræði. Samkvæmt hans skilgreiningum er flæði ástand einstaklings þar sem hann finnur fyrir það miklum áhuga og ánægju af því sem hann fæst við að fátt annað kemst að. Upplifunin er ánægjuleg og vellíðunartilfinningin fær hann til að gleyma stað og stund og vilja halda áfram í verkefninu (Csikszentmihalyi, 2004). Athyglin fer öll í verkefnið, áhyggjur gleymast og ánægjutilfinningin knýr einstaklinginn áfram jafnvel þótt verkefnið sé nokkuð erfitt eða hættulegt og alls kostar óvíst hver útkoman verður (Csikszentmihalyi, 1990).


Csikszentmihalyi (1990) nefnir nokkra þætti sem þurfa að vera til staðar svo einstaklingur upplifi svokallað flæðiástand (e. flow-condition). Meðal annars þurfa verkefnið að vera hæfilega krefjandi. Þau þurfa að vera ákveðin áskorun fyrir einstaklinginn, hvorki of auðveld né of erfið. Ef verkefnið eru of auðveld er hætta á að einstaklingurinn upplifi leiða og missi áhugann en ef verkefnið eru of erfið er hætta á að einstaklingurinn upplifi kvíða og missi

móðinn. Þá er líklegra að einstaklingur upplifi flæðiástand ef markmið verkefnisins er skýrt og innri hvati er til staðar (Csikszentmihalyi, 1990).

Til að útskýra betur hugmyndir um flæði setti Csikszentmihalyi fram líkan. Mynd 1 sýnir eina útgáfu af líkani fyrir flæði. Flæðiástand næst fram þegar einstaklingur upplifir áskorun og færni yfir meðallagi. Ef upplifunin er undir meðallagi verður einstaklingurinn áhugalaus (aðlagð frá Csikszentmihalyi, 1997). Líkanið á mynd 2 útskýrir hvernig einstaklingurinn kemst í flæðiástand þegar ákveðnu jafnvægi er náð á milli áskorunar verkefnis og færni einstaklingsins (aðlagð frá Csikszentmihalyi, 1975).



**Mynd 1 Flæði**



**Mynd 2 Flæði og flæðiástand**

Til að stuðla að flæði í leikskólastarfi skiptir námsumhverfið máli. Það er í höndum leikskólakennara að skapa námsumhverfi sem er hvetjandi fyrir börn og veitir þeim tækifæri til að upplifa flæði. Mikilvægt er að hafa í huga við skipulagningu umhverfisins að börnin hafi aðgang að mismunandi leiksvæðum, að efniviðurinn sem stendur þeim til boða sé fjölbreyttur og að þau hafi tækifæri til að leika við vini sína. Þá er einnig mikilvægt að skipulagið sé sveigjanlegt og að börnin fái nægan tíma og rými til leiks. Með því að leikskólakennarar séu reiðubúnir að færa til húsgögn og efnivið eftir því sem við á gefast börnunum aukin tækifæri til að þróa leikinn og sköpunin getur orðið meiri (Sara Margrét Ólafsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir, 2016a). Dahlberg o.fl. (2013) halda því fram að þegar leikskólastarfið er sveigjanlegt og ekki skipulagt út frá klukkunni gefist börnum aukin tækifæri til virkrar þátttöku í leikskólastarfinu. Í stað þess að vera undir pressu að klára verkefni sín eða leikinn vegna tímans geta þau klárað á sínum hraða á ánægjulegan hátt. Þar af leiðandi er það áhugi og virkni barnanna sem stjórna deginum í stað klukkunnar og ákveðin virðing er borin fyrir leik og námi barnanna.

Það er hlutverk leikskólakennara að veita leik barna athygli, fylgjast með honum, bregðast við með spurningum og fylgja eftir hugmyndum og áhuga barnanna (Wood, 2013; Sara Margrét Ólafsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir, 2016a). Þá er mikilvægt að leikskólastarf sé skipulagt á þann hátt að börnum gefist sem flest tækifæri til samskipta hvert við annað sem og fullorðna (Pramling Samuelsson og Asplund Carlsson, 2008; Sara Margrét Ólafsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir, 2016a). Þannig gefst börnunum tækifæri til að hafa áhrif á viðfangsefni sín og taka virkan þátt í leikskólastarfinu.

Eins og fram hefur komið er það samspil ýmissa þátta sem verður til þess að börn fái tækifæri til að upplifa flæði í leikskólastarfi. Mikilvægur þáttur í því er námsumhverfi barnanna (Sara Margrét Ólafsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir, 2016a). Þá má einkum nefna skipulag leikskólans, umhverfið, efniviðinn og samskiptin sem eiga sér stað.

## 2.6.2 Skipulag

Í leikskólastarfi er mikilvægt að skapa börnum rými til leiks þar sem tekið er mið af þörfum hvers og eins á einstaklingsbundinn hátt. Hvert barn á að fá tækifæri til að nýta styrkleika sína og efla þannig sjálfsmyndina. Það er hlutverk leikskólakennara að skapa aðstæður þar sem börn fá nægan tíma og rými til leiks svo þau hafi svigrúm til að dýpka leik sinn og þróa. Hver og einn leikskóli mótar sínar eigin starfsaðferðir með markmið Aðalnámskrár leikskóla að leiðarljósi. Það gefur svigrúm til að fara fjölbreyttar leiðir í starfi sem taka mið af hugmyndafræði leikskóla og aðstæðum. Skipuleggja á leikskólastarf þannig að innsæi barna, reynsla þeirra, færni og skoðanir séu virtar og að þau fái tækifæri til virkrar þátttöku (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011).

Í ljósi þess að hver og einn leikskóli mótar sínar eigin starfsaðferðir getur dagskipulag leikskóla verið misjafnt. Í sumum leikskólum er dagurinn ítarlega skipulagður út frá klukkunni þannig að skipulagið er sett upp í einskona stundaskrá. Það þýðir að börnin fá ákveðinn tímaramma fyrir hverja athöfn og þurfa þá jafnvel að taka saman leikefnið í lok tímans. Með þessum hætti vita leikskólakennarar hvar þeir eiga að vera staðsettir hverju sinni og hvaða verkefnum þeir eiga að sinna. Þannig er allt vel skipulagt en aftur á móti spurning hvort börnunum gefist nægur tími til að dýpka og þróa leikinn. Í öðrum leikskólum er skipulagið hins vegar sveigjanlegt þar sem ekki er allt miðað út frá klukkunni heldur áhuga barnanna.

Eins og áður hefur verið nefnt halda Dahlberg o.fl. (2013) því fram að í sveigjanlegu dagskipulagi séu meiri líkur á að börn fái tækifæri til virkrar þátttöku. Þá gefst þeim nægur tími til leiks þar sem þau geta þróað leikinn og dýpkað eins og lagt er upp með í Aðalnámskrár leikskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011). Eitt af hlutverkum leikskólakennara er að skipuleggja umhverfi barnanna og styðja þau í leik og námi. Þeir þurfa meðal annars að

fylgjast með leiknum, veita honum athygli og fylgja eftir hugmyndum barnanna og öðru sem þau sýna áhuga (Sara Margrét Ólafsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir, 2016a).

Í rannsókn sem Sara Margrét Ólafsdóttir (2013) framkvæmdi kom í ljós að í leikskóla þar sem dagskipulagið var heldur stíft og starfið miðað út frá ákveðnum tímaramma var algengara að börnin urðu óróleg seinni hluta dags. Stíft dagskipulag sem alltaf er eins getur orðið leiðigjarnt. Börn geta átt erfitt með að einbeita sér ef þau eru oft trufluð við leikinn og getur það orðið til þess að þegar líður á daginn verði þau óróleg og eirðarlaus (Lewin-Benham, 2011; Sara Margrét Ólafsdóttir, 2013). Þá takmarkar stíft dagskipulag tækifæri barna til virkrar þátttöku sem getur leitt af sér neikvæð áhrif á sjálfsmynd þeirra og námsframvindu (Sara Margrét Ólafsdóttir, 2013).

Í leikskóla þar sem dagskipulagið var sveigjanlegt kom aftur á móti í ljós að börnin voru virk í leik og starfi meirihluta dags þar sem þau voru niðursokkin í verkefni sín og fengu tækifæri til að komast í flæðiástand. Í sveigjanlegu dagskipulagi gátu börnin tekið virkan þátt í starfinu og valið viðfangsefni eftir áhuga. Með því að veita börnum tækifæri til virkrar þátttöku í daglegu starfi og bera virðingu fyrir leik þeirra og áhugamálum er líklegra að sjálfsmynd þeirra styrkist (Anna Magnea Hreinsdóttir, 2012; Sara Margrét Ólafsdóttir, 2013). Það er því árangursríkara að skipuleggja leikskólustarf út frá áhuga og hæfni barna og halda í sveigjanleika svo hægt sé að aðlaga starfið að börnunum hverju sinni. Það sýndi sig einnig í rannsókn Söru Margrétar því í leikskólanum þar sem dagskipulagið var sveigjanlegt var betur hægt að stuðla að þáttum eins og öryggi, sjálfræði, áhuga og virkni barnanna en þar sem skipulagið var stífara. Öryggi barnanna sýndi sig í því sjálfræði sem þeim var falið með því að hafa efniviðinn aðgengilegan og þeim frjálst að ganga á milli svæða til að sækja sér þann efnivið sem þörf var á (Sara Margrét Ólafsdóttir, 2013).

Þá kom einnig fram í rannsókn Söru Margrétar að þar sem dagskipulagið var sveigjanlegt var stuðlað að sjálfræði barnanna með því að veita þeim frelsi til að taka sjálf ákvarðanir um viðfangsefni sín. Börnin höfðu frjálst val um leiksvæði, efnivið og leikfélaga en gátu leitað eftir stuðningi kennara þegar þau þurftu á því að halda. Þá fengu börnin tækifæri til að vera sjálfstæð og sjálfbjarga við ýmsar daglegar athafnir svo sem í matartímum. Í sveigjanlegu dagskipulagi geta börnin farið um á sínum hraða og ekki er gerð krafa á að bíða eftir öðrum börnum. Það gerir það að verkum að börnin fá aukin tækifæri til að vera athafnasöm og einbeitt í leik sínum. Þá er það undir úthaldi þeirra og áhuga komið hversu lengi þau hafast við í viðfangsefnum sínum. Í sveigjanlegu dagskipulagi er sjálfræði barna því meira og tækifæri þeirra til að vera skapandi eru fleiri en þegar skipulagið er stíft (Sara Margrét Ólafsdóttir, 2013).



### 2.6.3 Umhverfi

Umhverfi leikskóla er mikilvægur áhrifaþáttur í námi barna og þarf það bjóða upp á aðstæður þar sem þörfum allra er mætt. Umhverfið þarf að hafa hvetjandi áhrif á nám og þroska barna, með tilliti til getu þeirra og reynslu, því gæði leiksins eru háð því umhverfi og efniviði sem stendur börnunum til boða. Þá er einnig mikilvægt að skipuleggja umhverfið á þann hátt að börnin geti sjálf valið sér viðfangsefni og tekið sjálfstæðar ákvarðanir svo þau geti þróað leik sinn (Ingibjörg Sigurðardóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2012). Börnin ættu að geta farið frjáls á milli staða og haft greiðan aðgang að leikefninu. Þau þurfa að fá rými til að geta leikið sér í litlum eða stórum hópum, verið í ró og næði eða hreyft sig á fjölbreyttan hátt eftir áhuga og þörfum (Menningar- og menntamálaráðuneytið, 2011).

Umhverfið utandyra er jafnmikilvægt og umhverfið innandyra. Mikilvægt er að leikskólalóðin sé byggð þannig upp að hún hvetji börn til leiks, rannsókna, líkamlegrar hreyfingar og tjáningar á mismunandi vegu (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011). Rannsóknir hafa sýnt fram á að útiveran sé ein af eftirlætis athöfnum margra leikskólabarna (Clark, 2005). Þar sjá þau tækifæri til að finna afvikna staði þar sem ekki virðast vera mikil afskipti leikskólakennara og þau geta fengið næði til að vera ein og án nákvæms eftirlits. Þar geta þau notið samvista með vinum og komið sér í burtu frá skarkala (Clark, 2007). Í slíkum aðstæðum getur verið að börn finni fyrir ákveðnu valdi þar sem ekki er verið að ráðskast með þau og trufla leik þeirra. Ástæðurnar þurfa ekki að vera flóknar en á sama tíma geta þær verið þýðingarmiklar fyrir börnin. Í rannsókn sem Jóhanna Einarsdóttir (2005) framkvæmdi nefndi eitt barnið að ástæða þess að þau vildu vera á afviknum stöðum án eftirlits leikskólakennara væri einfaldlega sú að þeim líkaði vel við að vera í einrúmi.

Útivera barna í leikskólum býður upp á ótal möguleika og hefur jákvæð áhrif á alhliða þroska þeirra. Í náttúrunni geta börnin gert ýmsar athuganir og örvun skynfæranna kallar á frekari löngun til að kanna og uppgötva meira í umhverfinu (McClintic og Petty, 2015). Í náttúrunni gefst börnum einstakt tækifæri til að nota hugmyndaflugið og skapa eftir eigin höfði með efniviði sem býður upp á endalaus möguleika. Í rannsókn Waller (2007) fundu börnin tré sem hafði brotnað og í stað þess að velta því fyrir sér hvernig það hefði gerst, líkt og leikskólakennararnir gerðu, fundu þau leiðir til að leika sér með það. Þau áttuðu sig á því að á endanum gátu þau skoppað eins og á trampólíni og gáfu því trénu nafnið „Trampólíntréð“. Í hvert sinn sem þau heimsóttu tréð skoppuðu þau á því og eftir því sem öryggi þeirra jókst klifruðu þau hærra í tréð. Í náttúrunni gátu börnin skapað sinn eigin leik án afskipta fullorðinna, látið hugmyndaflugið ráða ferðinni og reynt á styrk sinn og hæfni.

Þegar umhverfið er skipulagt á þann hátt að það taki tillit til þarfa barna og virki hvetjandi til leiks, hvort sem er innan- eða utandyra, aukast tækifæri þeirra til að gleyma sér í leiknum og upplifa flæði.

#### 2.6.4 Efniviður

Þegar skoðaðir eru þeir þættir sem geta haft áhrif á flæði í leikskólastarfi gefur auga leið að sá efniviður sem stendur börnunum til boða er eitt af því sem skiptir máli. Samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla á efniviðurinn á að vera fjölbreyttur og höfða til ólíkra barna á mismunandi aldri. Leikefnið skal vera hvetjandi og örva skynjun þeirra og virkni til rannsókna og kannana. Mikilvægt er að efniviðurinn bjóði upp á fjölbreytta notkun þar sem börn geta byggt á reynslu sinni og áhuga (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011).

Opinn efniviður (e. open-ended materials) er efniviður sem felur ekki í sér ákveðnar lausnir heldur býður upp á endalausa mögulega hvort sem er innan- eða utandyra og óháð aldri einstaklinga. Efniviðinn er hægt að færa til, sameina og endurhanna eftir hugmyndum barnanna og takmarkast aðeins við hugmyndaflug þess sem leikur sér. Opinn efniviður getur hvort sem er verið náttúrulegur eða verksmiðjuframliddur og er kjörið að nýta ýmsan verðlausan efnivið sem finnst víða. Í því samhengi má nefna náttúruna og allt sem hún hefur upp á að bjóða, ýmislegt sem fellur til á heimilinu sem nýtist ekki lengur auk þess sem finna má margt nýtsamlegt á endurvinnslustöðvum, svo sem afganga sem falla til við framleiðslu í verksmiðjum og fleira (NCCA, 2015).

Í bæklingi frá National Council for Curriculum and Assessment (NCCA) kemur fram að börn hafi mörg hver dálæti af opnum efniviði vegna tækifæra sem hann færir þeim. Hann hefur hvetjandi áhrif á ímyndunarafli þeirra, sköpun og færni til að leysa úr ágreiningi sem gerir það að verkum að leikurinn verður flóknari og innihaldsríkari. Þegar börn leika sér með opinn efnivið eru þau stöðugt að prófa sig áfram, uppgötva eitthvað nýtt og byggja upp þekkingu sína á heiminum. Þau rannsaka hvað efniviðurinn hefur upp á að bjóða, hvað hann gerir og þau finna nýjar leiðir til að nota hann. Slíkur efniviður býður upp á óendanlega möguleika og ýtir undir skapandi hugsun (NCCA, 2015).

Opinn efniviður getur nýst hverjum sem er, óháð aldri. Hver og einn finnur sína leið út frá áhuga og þroska og stjórnar ferðinni eftir eigin höfði. Þannig eiga börn auðveldara með að nýta styrkleika sína og getur því leikur með opinn efnivið aukið sjálfstraust og hæfni barna (NCCA, 2015). McClintic (2014) gerði grein fyrir nokkrum ástæðum þess að opinn efniviður getur auðgað leik barna og verið þeim sem námsleið:

- Börnin ráða ferðinni sjálf og geta notað efniviðinn á hvaða hátt sem þau kjósa.
- Hægt er að nota efniviðinn á ótal vegu og breyta honum eins og hentar.
- Opinn efniviður hvetur börn til skapandi hugsunar og auðgar ímyndunarafli þeirra.
- Opinn efniviður hefur töluvert meiri þroskandi áhrif á færni og hæfni barna en flest hefðbundin leikföng.

- Hægt er að nota opinn efnivið til viðbótar við annan efnivið til að styðja við hlutverkaleik barna (McClintic, 2014 bls. 1).

Opinn efniviður getur verið hluti af nánast hvaða leik barna sem er og má til dæmis nefna könnunar-, bygginga- og hlutverkaleik sem og regluleiki. Leikur með opinn efnivið nær til nánast allra þroskaþátta barna og það er margt sem þau geta lært og öðlast í gegnum slíkan leik (Neill, 2013). Því til stuðnings nefndi Neill (2013) nokkur dæmi um þroskaþætti sem eflast við leik barna með opinn efnivið:

- Barnið lærir ákveðnar aðferðir í leik með því að æfa sig í að leysa úr ágreiningsmálum.
- Aukinn félags- og tilfinningaþroski í samleik og samvinnu við aðra.
- Aukinn líkamlegur þroski og hreysti með því að færa til stóra hluti úti í náttúrunni svo sem trjádrumba og slíkt.
- Betri færni í tungumálinu, læsi og samskiptum með því að lýsa athöfnum sínum.
- Aukin færni í stærðfræði með því að sameina hluti og skapa þannig ný form.
- Aukin sköpunarhæfni með því að taka þátt í hlutverkaleik.
- Aukin kunnátta í vísindum með betri þekkingu á umhverfi sínu (Neill, 2013).

Opinn efniviður getur verið af ýmsu tagi svo sem vatn, sandur, kassar, efnisbútar, pottar og pönnur, steinar, laufblöð og kubbar (McClintic, 2014). Margir íslenskir leikskólar bjóða upp á opinn efnivið í starfi sínu og eru einingakubbar meðal annars áberandi víða í leikskólastarfi.

#### 2.6.4.1 Einingakubbar

Kennarinn Caroline Pratt stofnandi barnaskólans *City and Country* í New York hannaði viðarkubba árið 1913 sem kallaðir eru einingakubbar (City and Country School, e.d.). Einingakubbar (e. unit blocks) eru gegnheilir viðarkubbar og er tilvalinn opinn efniviður fyrir leik barna. Pratt hannaði einingakubbana með það í huga að skapa efnivið fyrir börn sem veitir þeim tækifæri til að læra í gegnum leik. Hún taldi að með einingakubbum gætu börn lært í gegnum leik sem væri byggður á þeirra reynsluheimi og hugmyndaflugi. Leikurinn myndi þar af leiðandi efla nám á þeirra eigin forsendum þar sem börnin réðu ferðinni og tækju sjálfstæðar ákvarðanir án stýringar kennara (Winsor, 1996).

Einingakubbarnir eru hannaðir í ákveðnum stærðfræðilegum hlutföllum og taka allir mið af ákveðnum réttthyrndum grunnkubbi. Grunnkubburinn hefur þá eiginleika að vera tvöfalt lengri en hann er á breidd og breiddin er tvöföld þykkt hans. Auk grunnkubbsins eru aðrir réttthyrndir kubbar sem allir ganga upp í grunnkubbinn á einn eða annan hátt. Í kubbasettinu eru auk þess þrístrendingar og sívalningar, bogar og beygjur, en öll formin hafa stærðfræðilega eiginleika (Leeb-Lundberg, 1996; Ásta Egilsdóttir, 2006). Auk kubbanna hannaði Pratt tréverur, svo sem manneskjur og dýr, sem hægt er að bæta við kubbana til að örva leik barna eða dýpka. Þá er einnig tilvalið að hafa til staðar ýmiskonar viðbótarefnivið

svo sem pappír, liti, málningarlímband, efnisbúta, steina, korktappa og fleira sem börnin geta notað með kubbunum ef þau kjósa (Elva Ölundardóttir, 2010).

Leikur með einingakubba hefur víðtæk áhrif á þroska barna svo sem andlegan og líkamlegan þroska, félags- og tilfinningaþroska. Kubbabyggingar þróast með auknum þroska og reynslu barnanna og verða sífellt flóknari (Brody og Hirsch, 1996; Elva Ölundardóttir, 2010). Líkt og með annan opinn efnivið samvinnast aðrir námsþættir við leik með einingakubba og tengja Brody og Hirsch (1996) námsþætti eins og listir, stærðfræði, læsi, vísindi og samfélagsfræði við leik með einingakubba.

Í ljósi þess að einingakubbar eru opinn efniviður og hafa þar af leiðandi engar fyrirfram ákveðnar lausnir má vel tengja þá við hugmyndir um flæði. Í einingakubbunum stjórna börnin ferðinni sjálf og fá tækifæri til að gleyma stað og stund í kubbaleik þar sem helstu takmörkin eru þeirra eigið ímyndunarafli.

### **2.6.3 Samskipti**

Undanfarin ár hefur færst í aukana að gera rannsóknir með börnum þar sem sérstök áhersla er lögð á að hlustað sé á börn og þeirra sjónarmið (Anna Magnea Hreinsdóttir, 2008; Dockett, 2008; Jóhanna Einarsdóttir, 2008b). Mikilvægi þess má yfirfæra á almenn samskipti og þátttöku þeirra í samfélaginu. Til að börn geti átt í innihaldsríkum og þroskandi samskiptum er nauðsynlegt að hlustað sé á þau. Með því að hlusta á börn er lagður grundvöllur að samskiptum sem einkennast af virðingu auk þess sem réttur þeirra til að segja sína skoðun á málefnum er þau varðar er virtur. Þannig er einnig hægt að komast að því hvað þeim þykir mikilvægt og í framhaldinu hægt að skapa þeim aðstæður sem gefa þeim tækifæri til að sinna áhugamálum sínum (Dockett, 2008).

Samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla eru samskipti mikilvægur þáttur í námi barna. Börn hafa gjarnan mikla þörf fyrir samskipti við aðra og eru ótal leiðir sem þau geta farið til að eiga í samskiptum. Börnum er til dæmis tamt að spyrja spurninga og hafa þörf fyrir að skiptast á skoðunum og hugmyndum og ræða tilfinningar sínar og líðan við aðra. Þegar samskipti þeirra og leikur eru gefandi eflist félagsfærni þeirra og sjálfsmyndin styrkist. Til að börn geti átt í farsælum samskiptum þarf að skapa aðstæður í leikskólanum sem veita börnum tækifæri til samskipta á uppbyggilegan hátt. Í gegnum leik og skapandi starf geta börn fengið tækifæri til að deila upplifun sinni og reynslu með fjölbreyttum hætti og mismunandi efniviði (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011).

Samskiptamáti leikskólakennara og barna hefur áhrif á það hvort börn leitist eftir því að taka virkan þátt í ákvarðanatöku og séu tilbúin til að deila skoðunum sínum með öðrum. Samskiptin þurfa ekki alltaf að felast í töluðu máli heldur geta þau einkennst af óyrstum tjáningarmáta og viðbrögðum. Í slíkum samskiptum er það til dæmis athygli leikskólakennara

á athafnir barnanna sem skipta máli, þolinmæði fullorðinna fyrir mögulegum mistökum sem börnin geta gert og vilji til að gangast við misskilningi. Slík samskipti geta leikskólakennarar æft í leik með börnum og skapað um leið vettvang fyrir lýðræðisleg vinnubrögð í leikskólanum. Ásamt því að ákveðnar aðstæður geti hvatt til jákvæðs samskiptamáta eru það persónurnar sjálfar, viðmót þeirra, efniviðurinn sem er til staðar og skipulagið sem hefur áhrif á samskipti leikskólakennara og barna (Bae, 2012).

Á sama tíma og leikskólakennarar geta skapað hvetjandi námsumhverfi fyrir börn geta þeir dregið úr áhrifamætti þeirra og virkni. Með því að spyrja börnin sífellt lokaðra spurninga og leggja mat á athafnir þeirra með athugasemdum einkennast samskiptin af aukinni stjórnun af hálfu leikskólakennara og börnum gefst ekki kostur á að segja sína skoðun. Slíkur samskiptamáti á það til að gera námsumhverfið ósveigjanlegt, draga úr virkri þátttöku barna og fækka tækifærum þeirra til að deila hugsunum sínum og tilfinningum með öðrum. Þegar skapa á aðstæður í leikskóla þar sem börn fá tækifæri til virkrar þátttöku og þar sem samskipti leikskólakennara og barna einkennast af lýðræðislegum vinnubrögðum er grundvallaratriði að skilningur sé til staðar og að borin sé virðing fyrir börnum sem fullgildum einstaklingum (Bae, 2012).

Til að skapa börnum tækifæri til virkrar þátttöku og möguleika á að upplifa flæði skiptir máli að samskiptamáti leikskólakennara og barna sé jákvæður og uppbyggjandi. Börnin þurfa að finna að hlustað sé á þau svo þau geti komið skoðunum sínum og sjónarmiðum á framfæri. Þá er hægt að laga námsumhverfið að þörfum og áhuga barnanna.

Eins og sjá má á umfjölluninni hér að framan geta það verið margir samverkandi þættir sem skapa kjörið námsumhverfi fyrir börn til að upplifa flæði. Þá er einkum talað um að skipulag leikskóla, umhverfi, efniviður og samskipti eigi þátt í að skapa slíkt námsumhverfi. Í ljósi þess að markmið rannsóknarinnar er að fá upplýsingar um reynslu foreldra á líðan barna þeirra í leikskóla sem styðst við hugmyndir um flæði þótti fróðlegt að skoða samstarf foreldra og leikskólakennara og á hvaða hátt foreldrar mynda sér viðhorf gagnvart leikskólastarfinu.

## **2.7 Foreldrasamstarf**

Samstarf leikskólakennara og foreldra er mikilvægur þáttur í leikskólastarfi. Líðan barna í leikskólanum er ekki eingöngu háð því sem gerist þar heldur er hún samofin velferð fjölskyldu þeirra og heimilis (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011). Eitt af markmiðum í leikskólastarfi er að fylgjast með og stuðla að þroska barna í samvinnu við foreldra (Lög um leikskóla nr. 90/2008). Í rannsókn Jóhönnu Einarsdóttur (2010) kom fram að það samskiptaform sem foreldrarnir mátu mest voru óformleg dagleg samskipti. Það var þegar leikskólakennararnir deildu með þeim upplýsingum um börn þeirra og leikskólastarfið

en þau samskipti fóru að mestu leyti fram í upphafi dags þegar börnin mættu í leikskólann og í lok dags þegar þau voru sótt.

Þá er misjafnt hvaða viðhorf og væntingar foreldrar hafa til leikskólastarfsins en bandarískar rannsóknir hafa þó sýnt fram á að foreldrar telji mikilvægast að leggja áherslu á náms- og þroskaþætti barna sem falla undir félags- og tilfinningaþroska. Þá telja þeir einnig mikilvægt að undirbúa börnin vel námslega fyrir grunnskólagöngu þeirra (Grace og Brandt, 2006; Jóhanna Einarsdóttir, 2010). Í rannsókn Cryer, Tietze og Wessels (2002) kom í ljós að viðhorf foreldra í Bandaríkjunum og Þýskalandi voru svipuð til leikskóla barna þeirra í báðum löndunum. Foreldrum beggja landa þótti skipta mestu máli að tekið væri vel á móti börnum þeirra þegar þau mættu í leikskólann, að þau lærðu að tjá sig og nota eigið tungumál auk þess sem þeim þótti mikilvægt að grófhreyfingar væru æfðar. Foreldrar beggja landa höfðu tilhneigingu til að gefa leikskólunum háa einkunn og greindu rannsakendur nokkra þætti sem þeir töldu geta verið ástæðu þess að foreldrarnir hefðu ofmetið gæði leikskólanna. Fyrstu ástæðuna töldu þeir geta verið að foreldrar væru lítið í leikskólanum og fylgdust ekki mikið með því sem þar færi fram. Þá töldu þeir aðra ástæðu geta verið að foreldrar hefðu ekki marga valmöguleika þegar þeir sæktu um vistun fyrir börn sín og ekki nægar upplýsingar um leikskólana til að greina á milli þeirra. Þriðju ástæðuna töldu þeir geta verið að margir foreldrar áttuðu sig ekki á möguleikum sínum til að gera kröfur til leikskólanna. Að lokum töldu rannsakendur að ein ástæðan gæti verið að foreldrar væru í afneitun gagnvart því að hafa ekki valið þann leikskóla sem byði upp á það besta fyrir börn þeirra.

Fyrir utan dagleg samskipti leikskólakennara og foreldra fara samskiptin meðal annars fram í gegnum tölvupóst. Að auki eru ýmis samskiptaforrit sem hægt er nýta til upplýsingagjafar í leikskólastarfi. Síðastliðin ár hafa leikskólar í auknum mæli notast við samskiptamiðilinn Facebook til að miðla upplýsingum um leikskólastarfið og gera það sýnilegra foreldrum. Þá er samskiptamiðillinn notaður sem einskonar skráningarform sem foreldrar hafa aðgang að (Dagbjört Svava Jónsdóttir, 2016). Með skráningum í leikskólastarfi er átt við að gögnum sé safnað, svo sem ljósmyndum, sögum og teikningum, til að skrá námsferli og þroskaferil barna. Með skráningum er hægt að auka skilning á hæfileikum barna, áhugamálum þeirra, getu og þekkingu (Dahlberg o.fl., 2013). Með því að veita foreldrum tækifæri til að fylgjast með skráningunum geta þeir fengið betri innsýn í námsferli barna sinna í leikskólanum og þá ekki bara hvað þau gera heldur hvernig þau gera það og af hverju (Rinaldi, 1998). Foreldrar geta með því fengið betri sýn á það hvernig börn þeirra læra í gegnum leik og samskipti (Bryndís Garðarsdóttir og Kristín Karlsdóttir, 2012). Í rannsókn Dagbjartar Svövu kom fram að með tilkomu Facebook sem skráningavettvangs varð leikskólastarfið mun sýnilegra en það hafði verið og foreldrar töluðu um að skráningin á

Facebook hjálpaði þeim að eiga samræður við börn sín um leikskólastarfið og fá þannig enn betri innsýn í starfið (Dagbjört Svava Jónsdóttir, 2016).

Eftir að ný persónuverndarlög tóku gildi sumarið 2018 beinir Persónuvernd vinsamlegum tilmælum til leikskóla og annarra opinberra aðila sem koma að starfi með börnum að nota ekki Facebook og aðra sambærilega miðla til að deila persónuupplýsingum um börn svo sem ljósmyndum og myndböndum (Persónuvernd.is; Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga 90/2018). Eftir gildistöku nýrra persónuverndarlaga hafa ekki verið birtar myndir af andlitum barnanna á Facebook-síðum deildanna í Bogaborg til að gæta hagsmuna þeirra. Hins vegar hefur hver deild sína síðu og eru settar þar inn myndir af leik og námi barnanna án þess að andlit þeirra sjáist. Þannig heldur skráningin áfram að vissu leyti og foreldrar fá innsýn í leikskólastarfið án þess að persónuupplýsingar komi þar fram. Að auki er sendur út tölvupóstur til foreldra með upplýsingum um leikskólastarfið í máli og myndum.

## **2.8 Samantekt**

Í þessum kafla hefur verið fjallað um fræðilega tengingu við efni rannsóknarinnar. Greint hefur verið frá því hvernig viðhorf til barna og barnæsku hafa verið í gegnum tíðina og fjallað var sérstaklega um síðtímahugmyndir um börn og nám. Komið var inn á vellíðan og aðra þætti sem hafa áhrif á sjálfsmynd barna auk þess sem fjallað var um lýðræði í leikskólastarfi. Því næst var fjallað um virka þátttöku barna og hvernig hana er hægt að greina og meta eftir vægi hennar með þátttökustiga Hart. Greint var frá hugmyndum um flæði í leikskólastarfi og fjallað um fjóra þætti sem skipta máli þegar skapa á námsumhverfi sem stuðlar að því að börn komist í flæðiástand. Þeir þættir eru skipulag, umhverfi, efniviður og samskipti. Að lokum var fjallað um foreldrasamstarf og viðhorf foreldra til leikskólastarfsins.

### 3 Rannsóknin

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir rannsókninni, aðferðafræði hennar, markmiðum og tilgangi. Sagt verður frá þátttakendum rannsóknarinnar og hvernig valið á þeim fór fram. Farið verður yfir það hvernig rannsóknargögnum var aflað og þau greind. Þá verður gerð grein fyrir því á hverju trúverðugleiki rannsóknarinnar byggist og að lokum fjallað um siðferðilega þætti sem tengjast framkvæmd rannsóknarinnar.

#### 3.1 Markmið og tilgangur rannsóknarinnar

Markmið rannsóknarinnar var að leita eftir reynslu foreldra á líðan barna þeirra í leikskóla sem leggur áherslu á þátttöku barna og tækifæri þeirra til að upplifa flæði. Tilgangur rannsóknarinnar var að fá innsýn í hvaða þættir það eru sem hafa áhrif á líðan barna í leikskólanum, hvað foreldrum finnst vera vel gert og hvað þeir telja að hægt sé að bæta. Þá var tilgangurinn einnig að gera grein fyrir þeim þáttum svo aðrir leikskólakennarar geti nýtt sér þá til þróunar í starfi. Hagnýtt gildir rannsóknarinnar er meðal annars það að foreldrar fá tækifæri til að koma skoðunum sínum nafnlaust á framfæri sem hægt er að nýta til þróunar í starfi leikskólans. Eftirfarandi rannsóknarspurning var höfð að leiðarljósi:

*Hvernig telja foreldrar að leikskólastarf sem byggir á hugmyndum um flæði hafi áhrif á líðan barna þeirra?*

#### 3.2 Aðferðafræði

Við framkvæmd rannsóknarinnar var stuðst við eigindlegar rannsóknaraðferðir (e. qualitative research) en tilgangur þeirra er að lýsa, skilja og túlka raunverulegar aðstæður fólks, reynslu þeirra og skoðanir (Lichtman, 2013). Tekin voru viðtöl þar sem tilgangurinn var að fá fram persónulega reynslu foreldra af líðan barna þeirra í leikskólanum. Notast var við viðtalsramma með opnum spurningum svo viðmælendum gæfist kostur á að fara djúpt í umræðuefnið án þess þó að fara of langt út fyrir efnið. Viðtalsramminn reyndist rannsakanum einnig vel til að halda sér við efnið og gleyma ekki að spyrja viðmælendur út í mikilvæg atriði. Auk þess að taka viðtöl var rýnt í fyrirbyggjandi gögn leikskólans, svo sem heimasíðu, námsskrá og skipulag, til að fá heildstæðari sýn á starfsemi.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir þátttakendum rannsóknarinnar og ástæðum þess að þeir urðu fyrir valinu. Þá verður gerð grein fyrir gagnaöflun og gagnagreiningu, trúverðugleika rannsóknarinnar og siðferðilegum álitamálum.



### 3.2.1 Þátttakendur

Þátttakendur rannsóknarinnar voru foreldrar sex barna í leikskólanum Bogaborg. Þrjú barnanna voru fædd árið 2013 og þrjú þeirra árið 2014. Ástæða þess að foreldrar barna á þessum aldri voru valdir en ekki foreldrar yngri barna var að rannsakandi taldi líklegra að börn þeirra hefðu meiri reynslu af leikskólastarfinu og að foreldrarnir sjálfir ættu auðveldara með að skilgreina líðan barna sinna með aðstæður leikskólans í huga. Rannsakandi taldi mögulegt að starf leikskólans væri mismunandi milli deilda. Það gæti komið til vegna persónubundins viðhorfs starfsmanna til barna og leikskólastarfsins, sem síðan gæti haft áhrif á reynslu foreldra. Því taldi rannsakandi ástæðu til að tala við foreldra barna af öllum fimm deildum elstu barnanna til að auka líkur á fjölbreyttum svörum. Þátttaka foreldra takmarkaðist einnig af því hversu lengi börn þeirra höfðu verið í leikskólanum og var viðmiðið eitt ár eða lengur. Það var gert til að tryggja það að foreldrarnir hefðu ágætis reynslu af samskiptum við starfsfólk leikskólans, hefðu upplifað ýmislegt varðandi starfið og væru líklegri til að hafa myndað sér viðhorf til þess sem fram fer í leikskólanum. Þátttakendur voru ekki valdir út frá kyni, hvorki eigin kyni né kyni barna þeirra. Rannsakandi valdi þá eftir hentugleika og hafði í huga einstaklinga sem honum fannst líklegir til að hafa skoðanir á leikskólastarfinu og vera reiðubúnir að segja frá reynslu sinni hvort sem hún væri jákvæð eða neikvæð.

Með því að taka viðtöl við foreldra barna af öllum fimm deildunum talaði rannsakandi ekki einungis við foreldra barna á deildinni þar sem hann starfar og er í miklum samskiptum við heldur einnig við foreldra sem hann þekkir lítið sem ekkert. Ef hann hefði einungis talað við foreldra sem hann þekkti vel taldi hann vera hættu á að þeir fegruðu frásögn sína í garð leikskólans. Aftur á móti taldi hann að sömu viðmælendur gætu verið hreinskilnari í ljósi þess að þeir þekktu rannsakandann og því tilbúnir til að láta skoðanir sínar í ljós. Til að vinna gegn því að viðmælendur segðu það sem þeir teldu að rannsakandi vildi heyra voru þeir upplýstir vel um rannsóknina og rannsóknarferlið. Þátttakendum hafa verið gefin dulnefni svo engin raunveruleg nöfn þeirra munu koma fram í rannsókninni.

### 3.2.2 Gagnaöflun og gagnagreining

Við gagnaöflun voru tekin einstaklingsviðtöl við foreldra barna í tveimur elstu árgöngum leikskólans. Í þessari rannsókn hentaði vel að taka djúpvíðtöl (e. in-depth) við þátttakendur en slíkt byggir á einstaklingssamtölum þar sem meiri áhersla er á að notalegar samræður skapist á milli rannsakanda og viðmælenda í stað viðtals þar sem rannsakandi spyr spurninga og viðmælendi situr undir svörum án þess að hafa bein áhrif á samtalið (Lichtman, 2013). Þá er fjallað um ýmsa þætti sem virðast skipta þátttakendum máli, svo sem atburði, skynjun þeirra, vonir og væntingar (Helga Jónsdóttir, 2013). Viðtölin í rannsókninni voru hálfskipulögð en í slíkum viðtölum er gjarnan stuðst við ákveðinn viðtalsramma, líkt og gert

var í þessari rannsókn (sjá viðauka A). Það er gert til að halda flæði í viðtalinu auk þess sem það getur reynst ákveðin áskorun að halda viðmælandanum við efnið. Oftar en ekki eru spurningarnar opnar og gefst bæði rannsakanda og viðmælanda tækifæri til að hafa áhrif á viðtalið (Groundwater-Smith, Dockett, og Bottrell, 2015). Þá fær viðmælandinn tækifæri til að greina frá á sinn hátt með eigin orðum og getur komið á framfæri reynslu og skoðunum frá eigin brjósti (Lichtman, 2013). Viðtalsrammi rannsóknarinnar var byggður upp með það að markmiði að fá fram svör við fyrirfram ákveðnum spurningum. Spurningarnar voru unnar út frá þeim þáttum sem leikskólinn Bogaborg hefur að leiðarljósi til að skapa börnum námsumhverfi sem veitir þeim tækifæri til að upplifa flæði.

Viðtölin voru tekin í seinni hluta mars vorið 2019 og voru á bilinu 13 til 32 mínútna löng. Sum þeirra áttu sér stað í sérkennsluherbergi leikskólans, önnur heima hjá rannsakanda og eitt heima hjá viðmælanda. Rannsakandi var sveigjanlegur með viðtalstíma og gátu viðmælendur nokkurn veginn valið bæði stað og stund eftir því sem hentaði þeim best. Viðtölin voru hljóðrituð á síma rannsakanda og síðan afrituð í textaform í tölvu þar sem samræðurnar voru skrifaðar upp orðrétt. Slíkt er gjarnan gert svo aðgengilegra sé að greina reynslu þátttakenda af viðfangsefninu. Ásamt því að afrita viðtölin er gott að skrá niður minnisþunkta sérstaklega ef ekki gefst kostur á að hljóðrita viðtalið einhverra hluta vegna (Helga Jónsdóttir, 2013). Þátttakendur rannsóknarinnar hafa allir fengið dulnefni til að gæta nafnleyndar og koma í veg fyrir að svör þeirra séu rekjanleg. Nöfn þeirra, kyn og aldur barna þeirra eru:

- Ásdís: móðir drengs sem er fæddur árið 2013.
- Kolfinna: móðir drengs sem er fæddur árið 2014.
- Brynja: móðir drengs sem er fæddur árið 2013.
- Arna: Móðir drengs sem er fæddur árið 2014.
- Örn: Faðir stúlku sem er fædd árið 2013.
- Selma: Móðir stúlku sem er fædd árið 2014.

Ásamt viðtölum við foreldra barnanna rýndi rannsakandi í fyrirliggjandi gögn leikskólans svo sem heimasíðu, skipulag og námskrá og punktaði hjá sér atriði sem þóttu þjóna tilgangi rannsóknarinnar.

Greining gagna hófst samhliða gagnaöflun. Rannsakandi punktaði hugleiðingar hjá sér á minnisblað eftir hvert viðtal og rak augun fljótlega í ákveðin atriði sem voru sambærileg milli viðmælanda. Gögnin voru marglesin, rýnt í þau og síðan stuðst við C-in þrjú (e. the three Cs) við nánar gagnagreiningu. C-in þrjú byggja á lyklu (e. code) sem felur í sér að greina helstu upplýsingar í gögnunum og draga þær frá aukaatriðum, flokkun (e. categories) þar sem lyklnir eða aðalatriðin eru flokkuð saman og í framhaldi af því mynduð þemu (e. concepts) sem svarað geta rannsóknarspurningunni (Lichtman, 2013). Þau þemu sem fram komu í

frásögnum viðmælenda voru; líðan barnanna í Bogaborg, viðhorf starfsfólks til barnanna, sveigjanlegt dagskipulag, virk þátttaka barna í leikskólastarfinu, opinn efniviður, umhverfi Bogaborgar, skógarrjóðrið Engi, samskipti starfsfólks við börn og foreldra og upplýsingamiðlun. Greint verður frá þemunum í niðurstöðum rannsóknarinnar.

### **3.2.3 Trúverðugleiki rannsóknarinnar**

Í eiginlegum rannsóknaraðferðum er trúverðugleiki (e. credibility) einn helsti mælikvarði á sannleiksgildi þeirra niðurstaðna sem fást úr rannsókninni. Niðurstöðurnar eru taldar trúverðugar þegar þær fanga svo góðar lýsingar eða túlkanir á reynslu einstaklinga að aðrir sem hafa gengið í gegnum slíkt hið sama þekkja reynsluna sem sína eigin. Einnig þegar einstaklingar þekkja reynslu sem þeir mæta einungis eftir að hafa lesið um hana í rannsóknarniðurstöðum (Lincoln og Guba, 1985; Jan Armstrong, 2010).

Til að auka trúverðugleika rannsóknarinnar lagði rannsakandi sig fram við að gera grein fyrir upplifun þátttakenda eftir bestu getu. Skráðar voru niður vangaveltur og minnisþuntar í rannsóknardagbók til þess að hægt væri að rifja þá upp við greiningu gagna. Þá lagði rannsakandi sig fram við að setja eigin viðhorf til hliðar og rannsaka efnið á eins hlutlausan hátt og hægt var. Rannsakandi gerði sér grein fyrir þeirri áskorun sem fólst í því að vera starfsmaður leikskólans og var því meðvitaður um mikilvægi þess að gæta hlutleysis og útskýra stöðu sína í rannsókninni svo lesandinn geti tekið hana til greina. Trúverðugleikann má einnig auka með því að rannsakandi gefi sér tíma til að spjalla og hlusta vel á viðmælendur og staldri við með spyrjandi hugarfari. Að auki getur reynst gagnlegt að kynna rannsóknina á mismunandi stigum fyrir samstarfsfólki, líkt og rannsakandi gerði við framkvæmd þessarar rannsóknar. Þannig getur hann fengið álit annarra á gæðum ákveðinna rannsóknarþátta og metið hvort nægum gögnum hafi verið aflað (Guba og Lincoln, 1989; Sigríður Halldórsdóttir og Sigurlína Davíðsdóttir, 2013).

Markmið rannsóknarinnar var að afla upplýsinga um reynslu foreldra af líðan barna þeirra í leikskóla sem styðst við hugmyndir um flæði. Í ljósi þess að reynsla fólks er misjöfn og því óvitað hvaða svör fengjust þótti henta best að taka einstaklingsviðtöl og ræða við foreldra um líðan barna þeirra og þá þætti sem þeir teldu að hefðu áhrif þar á. Vonin er sú að niðurstöðurnar geti nýst leikskólanum Bogaborg sem og öðrum leikskólum til þróunar í starfi.

### **3.2.4 Siðferðileg álitamál**

Áður en rannsóknin hófst kynnti rannsakandi sér siðferðileg mál sem þarf að hafa í huga þegar rannsókn á borð við þessa er framkvæmd. Grundvallaratriði hvað varðar siðferði í rannsóknum er að þátttakendur hljóti ekki skaða af á nokkurn hátt. Þá er mikilvægt að trúnaður ríki á milli rannsakanda og þátttakenda, að þátttakendur njóti nafnleyndar og að svör þeirra séu ekki rekjanleg til þeirra á nokkurn hátt. Þá er mikilvægt að þátttakendur gefi

upplýst samþykki fyrir þátttöku sinni sem felur í sér að þeir viti hvers eðlis rannsóknin er og að þeim sé fullkomlega frjálst að neita þátttöku eða hætta hvenær sem þeir vilja án nokkurs þrýstings frá rannsakanda. Einnig er mikilvægt að rannsakandi sé meðvitaður um þá valdastöðu sem hann er í og notfæri sér hana ekki gagnvart þátttakendum heldur sýni af sér viðeigandi hegðun og beri virðingu fyrir þátttakendum (Lichtman, 2013).

Í upphafi rannsóknar leitaði rannsakandi leyfis hjá leikskólastjóra Bogaborgar (sjá viðhengi A) auk þess sem hann sendi tilkynningu til Reykjavíkurborgar (sjá viðhengi B). Tilkynningin til Reykjavíkurborgar var send með tölvupósti til tengiliðar leikskólans við fagskrifstofu leikskóla Reykjavíkurborgar eftir ábendingu leikskólastjórans. Þaðan var tilkynningin síðan áframsend á tölfraeði- og rannsóknardeildina sem heldur utan um slík mál. Rannsakandi greindi þátttakendum frá markmiðum og tilgangi rannsóknarinnar og gáfu þeir upplýst samþykki (sjá viðauka D) með undirskrift sinni. Fyllsta trúnaðar var gætt og var þátttakendum gert ljóst að þeir gætu neitað þátttöku eða hætt við hvenær sem væri ef þeir vildu það. Til að gæta trúnaðar hefur nöfnum þátttakenda og leikskólans breytt svo ekki sé hægt að rekja svörin til þeirra.

### **3.3 Samantekt**

Í þessum kafla hefur verið fjallað um aðferðafræði rannsóknarinnar sem er eigindleg rannsóknaraðferð. Fjallað hefur verið um markmið hennar og tilgang og greint frá þátttakendum hennar. Tekin voru einstaklingsviðtöl við foreldra sex barna sem voru fædd árin 2013 og 2014, eru í leikskólanum Bogaborg og hafa verið þar í eitt ár eða lengur. Gögnin voru hljóðrituð og afrituð í textaform. Þau voru síðan lesin í þaula, greind og túlkuð. Trúverðugleiki rannsóknarinnar byggir á heiðarleika rannsakanda, að hann leggi persónuleg viðhorf sín til hliðar og safni sem mestum upplýsingum á meðan á gagnaöflun stendur svo sem að skrifa niður minnispunkta í viðtölum um látbragð og túlkun viðmælenda. Ekki er gert ráð fyrir að hægt sé að yfirfæra niðurstöður á stærri hóp eða aðrar aðstæður. Einnig hefur verið greint frá siðferðilegum álitamálum sem rannsakandi var meðvitaður um allt ferlið og hvernig hann leitaði samþykkis og tilkynnti rannsóknina til viðeigandi aðila.

## 4 Niðurstöður

Í þessum kafla verður fjallað um helstu niðurstöður rannsóknarinnar og leitað svara við rannsóknarspurningunni. Greint verður frá reynslu þátttakenda af líðan barna þeirra í leikskóla sem styðst við hugmyndir um flæði og reynt að varpa ljósi á hvaða þættir það eru sem hafa áhrif þar á. Niðurstöður rannsóknarinnar eru byggðar á einstaklingsviðtölum við sex foreldra barna í leikskólanum Bogaborg, fædd árin 2013 og 2014. Einnig voru fyrirbyggjandi gögn skoðuð svo sem heimasíða, skipulag og námsskrá leikskólans. Gerð verður grein fyrir starfsháttum og skipulagi leikskólans Bogaborgar sem fram kemur í fyrirbyggjandi gögnum og því næst fjallað um reynslu þátttakenda með tilvitnunum í þá.

### 4.1 Starfshættir Bogaborgar

Leikskólinn Bogaborg hefur verið starfræktur í rúman áratug og er staðsettur á höfuðborgarsvæðinu í námunda við mikla og fjölbreytta náttúru. Áður en leikskólinn var opnaður boðaði leikskólastjórinn nýráðna meðstjórnendur, aðstoðarleikskólastjóra og deildastjóra, saman á fund og ræddu þeir saman um mögulegar áherslur í leikskólastarfinu. Allir lögðu fram sínar hugmyndir um hvaða áherslur þeir vildu sérstaklega sjá í starfinu og hvað þeir vildu forðast. Upp frá því var mynduð einskonar stefna sem leikskólinn hefur haft að leiðarljósi. Leikskólinn hefur til afnota hús sem staðsett er í skógarrjórri innan hverfisins og hefur það svæði fengið nafnið Engi í þessu verkefni. Fimm elstu deildirnar skiptast á að vera viku í senn í Engi og dvelur því hver deild þar fimmtu hverja viku.

Markmið Bogaborgar er að útskrifa félagslega sterk börn með góða sjálfsmynd í lok leikskólagöngu. Til að vinna að þeim markmiðum er lögð áhersla á að skapa námsumhverfi þar sem börnum er mætt á þeirra forsendum og veitir þeim tækifæri til virkrar þátttöku. Helsta einkenni leikskólans er sveigjanlegt dagskipulag sem felur í sér að ekki er skipulögð dagskrá yfir daginn að öðru leyti en matmálstímarnir, sem samt sem áður eru nokkuð sveigjanlegir. Þannig er reynt að gefa börnunum tíma og rými til að þróa leikinn og veita þeim aukin tækifæri til að upplifa flæði. Með sveigjanlegu dagskipulagi er þess freistað að fanga áhuga barnanna hverju sinni og stuðla þannig að fjölbreytni í starfi. Á sama tíma fær starfsfólkið tækifæri til að nýta sínar sterku hliðar og njóta sín í starfinu.

Til að upplýsa og vera í samskiptum við foreldra er tölvupóstur einna helst notaður ásamt því að vera í óformlegum daglegum samskiptum í upphafi og lok dags. Hver deild er auk þess með Facebook-síðu þar sem settar eru inn myndir úr leikskólastarfinu og jafnvel auglýsingar eða áminningar um ákveðna viðburði. Með Facebook gefst tækifæri til að veita foreldrum innsýn í leikskólastarfið og þau viðfangsefni sem börnin fást við. Um síðastliðin áramót var hins vegar sett bann við myndbirtingu á andlitum barnanna á Facebook-síðum deildanna í

ljósi nýrra persónuverndarlaga. Þá var brugðið á það ráð að birta myndir þar sem ekki sést í andlit barnanna en athafnir þeirra eru sýnilegar. Við sérstök tilefni eru hengd upp blöð með upplýsingum, á veggum eða hurðir í leikskólanum, og við ákveðnar aðstæður er haft samband símleiðis við foreldra. Reglulega er foreldrum boðið að koma í spjall þar sem rædd eru hin ýmsu mál er tengjast börnunum og á haustin eru haldnir foreldrafundir þar sem leikskólastarfið í Bogaborg er kynnt fyrir foreldrum.

## 4.2 Líðan barna í Bogaborg

Allir viðmælendurnir sem tóku þátt í rannsókninni töldu að börnum sínum líði almennt mjög vel í leikskólanum. Þeir höfðu orð á því að börnin væru alltaf spennt að mæta í leikskólann og sum þeirra jafnvel ekki tilbúin til að fara heim í lok dags, líkt og Ásdís nefndi þegar hún talaði um hversu ánægður sonur hennar virtist vera í leikskólanum. Selma hafði svipaða sögu að segja af dóttur sinni og talaði um að hún hlakkaði alltaf til þess að hitta vini sína og að hún vissi að það væri eitthvað skemmtilegt að fara að gerast í leikskólanum. Hún sagði einnig að dóttir sín vildi oft mæta í leikskólann áður en hennar dvalartími byrjaði á daginn og þegar það væri Engisvíka færi hún hlaupandi af stað og væri mjög spennt. Þá var Örn á sama máli og sagði:

...eftir að hafa kynnst starfinu á Bogaborg þá er maður farinn að treysta því. Maður fékk kynningu á því hvernig skólinn væri „operate-aður“, sérstaklega þegar við komum í eldri deildina. Þá var maður mjög spenntur fyrir því og maður sér bara árangurinn hjá barninu, hvað hún er ánægð. [...] Henni líður alla jafna mjög vel. [...] En það er eins og allir dagar séu spennandi hjá henni. Hún er alltaf spennt fyrir deginum.

Brynja, Kolfinna og Arna lýsa allar svipaðri reynslu og segja sína drengi vera mjög ánægða. Brynja segir að sonur hennar hafi aldrei kvartað og að alltaf sé mjög gaman hjá honum. Svipað má segja um Kolfinnu sem segist finna að sínum dreng líði mjög vel í leikskólanum. Hún segir að hann sé alltaf glaður með að fara í leikskólann og að hann tali mikið um hann heima.

Í frásögnum viðmælenda mátti greina ákveðna sameiginlega þætti. Þeir þættir sem um ræðir eru; viðhorf starfsfólks til barnanna, sveigjanlegt dagskipulag, virk þátttaka í leikskólastarfinu, efniviðurinn, umhverfi Bogaborgar, samskipti við starfsfólk og að lokum upplýsingamiðlun. Ætla má að þessir þættir hafi að vissu leyti áhrif á líðan barnanna og verður því greint frá þeim hér á eftir.

### 4.3 Viðhorf starfsfólks til barnanna

Í viðtölunum kom fram að viðmælendum fannst starfsfólk bera virðingu fyrir börnunum og sjónarmiðum þeirra í Bogaborg. Litið væri á börnin sem fullgilda einstaklinga sem hefðu sínar skoðanir og langanir. Örn talaði um að það væri borin virðing fyrir dóttur hans en það sæist vel þegar hann mætti með hana í leikskólann á morgnana. Hann sagði að tekið væri vel á móti henni og litið á hana sem jafningja en ekki „vitlaust lítið barn“. Selma tók í sama streng og sagði að henni virtist sem kennararnir væru ekki einungis kennarar barnanna heldur einnig vinir þeirra. Hún sagði að þótt ríkja þyrfti ákveðin virðing fyrir kennurunum þá bæru kennararnir líka virðingu fyrir börnunum. Hún taldi það vera eina af ástæðum þess að börnin vilji fara í leikskólann og að það eigi þátt í því að skapa vellíðan hjá börnunum.

Það voru ekki einungis Örn og Selma sem töluðu um að þeim fannst sem virðing væri borin fyrir börnunum í leikskólanum og litið á þau sem einskonar vini eða jafningja. Arna var á sama máli og sagði:

Það er bara talað við þau eins og fólk, ekki eins og lítil börn. [...] Ég fíla hvað „attitude-ið“ er bara... það er hlustað og þau fá að segja sögur og tala. Hugmyndir þeirra eru teknar inn í myndina. Þau eru persónur en ekki bara lítil börn. [...] Þeirra skoðanir eru ótrúlega mikið virtar og þau fá svo mikið að segja hvað þeim finnst og gera það sem þau vilja. Bara eins og í jólagjafadæminu, þegar þau eru að búa til jólagjafirnar. Það er svo frábært að þau fái að koma með hugmyndina og þau þurfa að vinna... þú veist, hvernig getur þú leyst þetta? Hvernig eigum við að gera þetta? Hvað langar þig? Það er spjallað við þau og allt þetta. Það eru fundnar lausnir. Já mér finnst það alveg frábært.

Eins og fram hefur komið er reynsla viðmælenda sú að viðhorf starfsfólks til barnanna í Bogaborg er jákvætt og byggt á gagnkvæmri virðingu. Til að mæta þörfum hvers og eins og leyfa áhuga barnanna að njóta sín til fulls þarf þó að vera ákveðinn sveigjanleiki í dagskipulaginu.

### 4.4 Sveigjanlegt dagskipulag

Í Bogaborg er lagt upp með að dagskipulagið sé sveigjanlegt þar sem áhersla er lögð á leik barnanna og að þau fái notið sín í honum. Þannig er tími til leiks síður slitinn í sundur og aukin tækifæri fyrir börnin til að dýpka leikinn og komast í flæðiástand. Eins og fyrr segir eru matartímarnir einu föstu stundirnar yfir daginn.

Samkvæmt svörum viðmælenda virðast foreldrar skynja sveigjanleika dagskipulagsins sem lagt er upp með í Bogaborg. Viðmælendur töluðu um að áhugi barnanna sé nýttur í leik

og starfi og að hugmyndir þeirra fái að njóta sín í verki. Þegar Arna lýsti reynslu sinni og hugmyndum af skipulaginu í Bogaborg sagði hún að starfið væri...:

...mjög fjölbreytt, opið og svona stundum hugsa ég þetta er svona... skipulag í óskipulagi. Það er einhvern veginn svona ekkert fast. Fyrir suma virðist þetta kannski ekkert brjálæðislega fastmótað en það er það samt að vissu leyti og maður upplifir það alveg þannig. [...] En svona miðað við aðra leikskóla sem ég hef þekkingu á eða reynslu, þá er Bogaborg ótrúlega sveigjanlegur og bara ótrúlegt hvað það er aldrei neitt mál. Staðan er bara tekin eins og hún er og svo er bara unnið út frá því. [Það er] mikil útivera og það er flæði í dagskipulaginu líka. Ég veit það bara af því að eins og með matartíma og svona. Allavega eins og kaffitímarnir eru í flæði. Í staðin fyrir að allir séu bara: nú er matur, allir að fara að borða núna, þá fá þau svolítið að ráða því hvenær þau fara í mat. Ég veit að það er svona sveigjanleiki með það.

Þá kom fram í viðtölunum að með sveigjanleika í dagskipulaginu geti reynst auðveldara að mæta börnunum á þeirra forsendum. Brynja er ánægð með fyrirkomulagið og sagði það henta sínum orkumikla dreng vel. Hún sagði að með sveigjanleika í dagskipulaginu fengi sonur hennar góð tækifæri til að fara út að hreyfa sig eftir þörfum. Hún sagði jafnframt að sveigjanleikinn í dagskipulaginu skapaði ótal möguleika til að mæta börnunum á þeirra forsendum svo áhugi þeirra fái notið sín. Arna hafði svipaða sögu að segja og fannst mikilvægt að dagurinn væri ekki fastmótaður svo hægt sé að grípa tækifærin þegar þau gefast og endurtók hún setninguna: „Skipulag í óskipulaginu!“. Hún lýsti yfir ánægju sinni með sveigjanleikann og sagði það vera frábært að geta gripið tækifærin þegar þau gefast. Hennar reynsla er sú að ef börnin koma með hugmyndir „er ekkert verið að gera neitt vesen og hlutunum er bara reddað ef það er mögulega hægt að koma því við.“ Þá kom einnig fram hjá viðmælendum að sérhvert verkefni í leikskólanum væri sniðið að áhuga barnanna hverju sinni og sömuleiðis tíminn sem varið er í það.

Arna benti á að mögulega mætti einnig tengja sveigjanleika í dagskipulagi leikskólans við minni streitu meðal starfsfólks sem tilkomin er vegna manneklu. Hún sagði:

...maður finnur aldrei fyrir manneklu til dæmis. Ég veit alveg að það er stundum mannekla en ég finn aldrei fyrir því. Ég hef verið þar sem maður finnur fyrir því og það er alveg beint talað um það og svona. Ég sem foreldri hef aldrei einhvern veginn fundið það á starfsfólkinu. Ég upplifi það bara þannig að menningin á vinnustaðnum sé þannig að það sé auðvelt að færa til og auðvelt að breyta til eftir því sem þarf hverju sinni. [...] það er þessi sveigjanleiki. Ég held að það sé



ástæðan. [...] Ég heyri sumar vinkonur mínar sem vinna á leikskóla tala um hvað sé mikil mannekla og streita. Það er ekki búið að vera hópastarf í margar vikur [...] og hvað þá? Ef markmiðið er að vera alltaf með hópastarf og það er ekki hópastarf, getið þið þá unnið vinnuna ykkar? [...] Það er ekki svona á Bogaborg. Það er einhvern veginn þetta flæði sem kemur greinilega líka í gegn hjá starfsfólkinu. Þetta eru ekki bara börnin sem eru í flæði heldur starfsfólkið líka. Ég sé þetta alveg mjög skýrt því ég hef alveg muninn bæði á því að eiga fleiri en eina vinkonu sem vinna í leikskóla og hafa unnið sjálf og verið með börnin á öðrum leikskólum, ungbarnaleikskólum, þar sem þetta var ekki svona. Ég finn alveg mikinn mun.

Þegar viðmælendurnir ræddu um sveigjanleikann sem ríkir í leikskólastarfinu í Bogaborg mátti sjá hve sterk tenging er á milli sveigjanleika í leikskólastarfinu og virkrar þátttöku barnanna.

#### **4.5 Virk þátttaka barna í leikskólastarfinu**

Samkvæmt námsskrá Bogaborgar er lögð áhersla á að börnin fái tækifæri til virkrar þátttöku og geti haft áhrif á leik sinn og nám. Með sveigjanleika er lagt upp með að betra rými gefist til að hlusta á raddir barnanna og þeirra sjónarmið. Í stað þess að stjórna leikefni þeirra með valkerfi eins og tíðkast víða í leikskólastarfi er börnunum frjálst að finna sér leikefni eftir áhuga hverju sinni, hvort sem þau vilja leika með ákveðinn efnivið eða sækja í ákveðinn félagsskap. Viðmælendur voru almennt ánægðir með þau tækifæri sem börnin fá til virkrar þátttöku í leikskólanum og þau áhrif sem þau geta haft á eigið nám. Þeir töluðu um að börnum þeirra væri mætt á sínum forsendum og að þau fengju að gera það sem þeim þykir skemmtilegt. Þannig væru styrkleikar barnanna nýttir til náms og þau lærðu í gegnum leik. Einnig kom fram í viðtölunum að við slíkar aðstæður upplifðu börnin sig alltaf sem sterka einstaklinga því þau væru ekki sett í aðstæður sem þau réðu illa við. Það væru ekki gerðar kröfur á þau sem þau gætu augljóslega ekki mætt heldur væri einblínt á styrkleika barnanna.

Samkvæmt viðmælendum finnst börnunum gott að geta haft áhrif á athafnir sínar í leikskólanum. Það láti þeim líða vel og þau finni hjá sér styrk þegar þau fá að taka virkan þátt í leikskólastarfinu. Fram kemur að þrátt fyrir að börnin fái ekki alltaf að stjórna öllum athöfnum sínum, eins og hvenær þau fara í útiveru, þá finnst þeim frábært þegar þau fá að hafa áhrif á það og þau tali um það við foreldra sína.

Arna lýsti yfir ánægju sinni með tækifæri barnanna til virkrar þátttöku í leikskólastarfinu. Hún sagði að sonur sinn elskaði að syngja og dansa og að hann hefði fengið tækifæri til að

leggja sitt af mörkum og hafa áhrif á umhverfi sitt til að geta betur sinnt þeim áhuga í leikskólanum:

Hann kom heim um daginn, mér fannst það frábært! Þá kom hann heim og sagði: Mamma, við vorum að fá nýjan hátalara. [...] Hinn hátalarinn var sko bilaður og ég var að segja... og þá sagði [kennarinn] að ég þyrfti bara að skrifa bréf til [leikskólastjórans] og biðja um nýjan hátalara. Ég gerði það og nú er hann kominn. Þannig að hann var bara beðinn að finna lausn á málunum. Hann er ekki orðinn fimm ára, hann er fjögurra ára og það er bara: Skrifaðu bréf til skólastjórans og þetta gerði drengurinn. [Hann sagði:] ég skrifaði bréf sjálfur til [leikskólastjórans] af því okkur vantaði nýjan hátalara. [Hann hefur] líka verið einn af þeim fyrstu sem tók eftir því að hátalarinn væri bilaður þar sem það hefur ekki verið hægt að spila tónlistina. Þetta gerði hann og mér finnst þetta svo frábært! [...] Bara að hann finni að hann geti haft áhrif á umhverfi sitt. [...] Honum fannst þetta geggjað! Mér finnst þetta æði! Ég er alveg mjög ánægð með þetta. Ég sé þetta einhvern veginn ekki fyrir mér gerast á mörgum öðrum leikskólum, að honum sé bara hjálpað í gegnum það að skrifa bréf og senda það.

Kolfinna hafði svipaða sögu að segja og talaði um að sonur sinn gæti nánast komið með hvaða hugmynd sem er í leikskólann og fengi tækifæri þar til að framkvæma hana. Hún sagði:

Ég held að hann fái bara svolítið að vera á sínum eigin forsendum hérna. Hans hugmyndir, það sem hann langar að gera og bara svolítið verið að spila með styrkleika hvers og eins. Þau eru svo rosalega misjöfn en mér finnst allt vera svona á þeirra styrkleikum og þeirra svona „level-i“. Það er lesið í hvern og einn einstakling. Það er allt bara tengt þeim. Hugmyndir þeirra sem þau koma með, þeim er leyft að framkvæma það eins og þau vilja gera það. Hann er kannski með einhverja hugmynd af kafbát og hann tínir bara svolítið svona til í það. Það kannski lítur ekkert út eins og kafbátur en það er hans kafbátur. Hann kom heim til dæmis um daginn með kafbát sem bara hann leikur með. Mér finnst svo flott hvernig þetta var hans. Hann bara kom um morguninn og bara hmmm... Mig langar að gera svona kafbát eins og ég sá í gær. Svo fer hann í leikskólann og kannski fjórum dögum seinna kemur hann heim með kafbát sem hann límdi úr einhverjum pappa og málaði. Þú veist, hann langar að gera þetta og já bara farðu og finndu þér eitthvað sem þú getur nýtt í þinn kafbát. Þetta er þú veist ekki stýrt. [Þau] fá svolítið að ráða sér, fá að stjórna hvað þau vilja gera hverju sinni og una þá kannski svolítið lengur við verkefni.

Á svörum viðmælenda má sjá að þeir telja sveigjanleikann sem einkennir leikskólastarfið í Bogaborg eiga stóran þátt í því að hægt sé að skapa börnunum þar tækifæri til virkrar þátttöku.

#### 4.6 Opinn efniviður

Samkvæmt námskrá leikskólans er lagt upp með að efniviðurinn sem stendur börnunum til boða sé þeim sýnilegur og aðgengilegur. Hann er opinn á þann hátt að hann býður upp á endalaus möguleika og felur ekki í sér fyrirfram ákveðnar lausnir. Þá er það sköpun barnanna, hugmyndaflug þeirra og ímyndunarafl sem ræður ferðinni og áhersla er lögð á ferlið frekar en útkomuna. Einingakubbum er gefið sérstaklega mikið rými í leikskólastarfinu auk þess sem verðlaus efniviður er vel nýttur. Byggingar barnanna fá að standa út vikuna en það gefur þeim tækifæri til að þróa leikinn, bæta við byggingarnar og breyta þeim að vild.

Viðmælendur höfðu orð á því að börn þeirra ættu auðvelt með að finna sér leikefni og notuðu gjarnan „allskonar drasl“ í leikinn. Kolfinna lýsti yfir ánægju sinni með efniviðinn í leikskólanum og sagði:

Mér finnst þetta frábært af því að ég sé það heima að hann notar allskyns dót. Það eru ísspýtur og einhverjir kassar utan af skóm og það [merkir] eitthvað ákveðið í leik hjá honum. Hann notar bara allskonar. Það er ekkert eitthvað eitt sem hann ténir í leikinn sinn. Hann ténir steina og kubba og svo er hann kannski með ofurhetjukarlana líka. Þetta er allt í einhverjum leik. Þetta er ekki bara eitthvað ákveðið sem er búið að kaupa. Þetta nýtist nefnilega rosalega vel heima líka. Ég finn það alveg vel að þegar við erum að bjóða í heimsókn og svona. Þá sé ég hann í svolítið öðruvísi leik heldur en hina og hann var farinn snemma að geta dundað sér bara heima. Mér finnst hann svo mikið geta unað sér. Mömmu minni finnst þetta alveg magnað. Hún sér alveg mun á barnabörnunum sínum. Hann er að leika með eitthvað og getur búið til allskonar ævintýri í hausnum á sér, með einhverju, á meðan hinir eru rosalega svona með eitthvað eitt í bara þessu. Það er kannski einhver munur á leikskólunum, þar sem þau læra að leika sér. Mér finnst svo gaman þegar aðrir sjá þetta. Mamma er svo svakalega hrifin af leikskólanum. Útaf því að hún sér svo mikinn mun á þeim [barnabörnunum].

Aðrir viðmælendur tóku í sama streng og lýstu yfir ánægju sinni með efniviðinn sem stendur börnunum til boða í Bogaborg. Viðmælendur töluðu um að börnin njóti góðs af því að leika sér með opinn efnivið sem felur ekki í sér fyrirfram ákveðnar lausnir. Þá sé það undir börnunum komið að nýta efniviðinn eftir eigin höfði og að hugmyndaflug þeirra skapi leikinn. Viðmælendur höfðu flestir orð á því að leikur barnanna með opinn efnivið, og jafnvel

verðlausan, í leikskólanum hefði meðal annars jákvæð áhrif á athafnasemi þeirra í leik heima við. Þar sem börnin hafi lært að búa sér til leik úr litlu í leikskólanum og nýta hvað sem býðst ættu þau betra með að leika sér heima án þess að hefðbundin leikföng standi þeim til boða. Selma nefndi sérstaklega að hennar börn væru mun duglegri að finna sér sjálf verkefni en önnur börn sem hún umgengst í fjölskyldu sinni.

Brynja sagðist vera ánægð með efniviðinn sem stendur börnunum til boða og sagði: „...alltaf þegar ég kem þá er hann alveg djúpt sokkinn í einhverjum leik“. Þá lýsti Ásdís einnig yfir ánægju sinni með efniviðinn og sagði:

Það er náttúrulega þessi óhlutbundni efniviður sem ýtir á það að hann verður að vera skapandi. Það er ekki bara bíll og bílabraut og eitthvað svona sem er bara tilbúið og þú þarft ekkert að spá. Þannig að mér finnst það náttúrulega bara rosalega flott og ýtir undir ímyndunarafli hans og að hann þurfi svolítið að nota það í raun og veru. Þannig að ég er mjög hrifin af því.

Aftur á móti velti hún því fyrir sér hvort efniviðurinn verði á endanum einhæfur og ekki nægilega krefjandi fyrir börnin þegar liði á leikskólagönguna og sagði:

Hann er mikið í einingakubbunum. Ég hef svolítið verið hrædd um... af því að [...] þegar maður er með flæði þá þarf maður alltaf að passa að viðfangsefni séu í raun og veru í takt við getu barnsins svo þeim fari ekki að leiðast. Ég hef alltaf verið þínu hrædd um [...] að það sé ekki verið að þyngja námsefnið hans í raun og veru í takt við [hans getu]. Hann fer í einingakubba og hann er bara í einingakubbum dag eftir dag kannski án þess að það sé þyngt eitthvað frekar. Þannig að honum hefur alveg leiðst og hefur alveg talað um að það sé bara alltaf það sama. [...] Það hefur inn á milli komið svona eitthvað eins og að sýna honum hvernig á að búa til kúlubraut og eitthvað svona og skrifa kannski og líma eitthvað á einingakubbana en fyrir utan það þá er kannski ekkert meira verið að þróa þetta. Ég held að það geti búið til leiða á endanum. [...] Hann getur farið í gegnum viku eftir viku án þess að það sé beinlínis verið að leggja einhverja sérstaka þekkingu inn. [...] Ég myndi kannski vilja fyrir elstu börnin að það væri eitthvað sem væri tekið markvisst, hvort sem það væri félagsleg samskipti eða bara hvað sem er. [...] Kannski að skipta meira út því sem er á deildunum þannig það er ekki alltaf þessi tilfinning að þú sért í því sama. Mér finnst einhvern veginn alltaf þegar þær koma með eitthvað nýtt [...] þá fer allt í einu allt í gang aftur en svo dettur þetta niður þannig að mér finnst að það mætti alveg skipta örar út

bara uppá fjölbreytileikann. En hann er hamingjusamur og það er það sem skiptir máli.

Sjá má á svörum viðmælenda að almenn ánægja er á meðal þeirra með efniviðinn sem stendur börnunum til boða í Bogaborg. Reynsla viðmælenda er sú að leikur með opinn efnivið, meðal annars verðlausan efnivið, ýtir undir skapandi hugsun barnanna og þau eiga auðveldara með að búa sér til leik úr litlu. Viðmælendur sögðust sjá mun á því hversu auðvelt sín börn ættu með að nýta allt sem býðst í leik miðað við önnur börn sem standa þeim nærri og hafa ekki vanist því að leika sér með opinn efnivið.

#### 4.7 Umhverfi Bogaborgar

Börn þeirra foreldra sem tóku þátt í rannsókninni eru á deildum í húsi leikskólans sem er sambyggt grunnskóla hverfisins. Hver og ein deild fær afnot af Engi, skógarjórðrinu, í fimmtu hverri viku og eru þá þar eina viku í senn. Örn var ánægður með tenginguna við grunnskólann og sagði:

Sko mér finnst tengingin við skólann rosa góð. Þessi nálægð við skólann gefur þeim eitthvað svona til að sjá fyrir sér hvernig hlutirnir verða og geta þá síðan farið inn í skólann með lítilli fyrirhöfn. Það sýndi sig alveg með þessa eldri. Þetta var bara beint flæði inn í grunnskólann. Það var ekki eitthvað „thing“. Þetta var bara mjög eðlilegt framhald af því sem hún hafði verið að gera.

Viðmælendur lýstu yfir ánægju sinni með nærumhverfi leikskólans og hversu vel það væri nýtt fyrir göngutúra og aðra útvist. Þá voru viðmælendur einnig ánægðir með að börnunum stæði til boða að æfa sig á gönguskíði þegar tækifæri gæfist og töldu það vera einstakt. Kolfinna var ánægð með umhverfi leikskólans og sagði að það væri allt til taks og væri fjölbreytt og flott. Arna var á sama máli og sagði:

Þau eru svo mikið að nýta umhverfið sem mér finnst frábært. [...] Það eru alveg til flottari leikskólalóðir kannski en þau skortir ekki neitt og það eru bara svo miklar hugmyndir... hvað þau eru oft að gera, gönguskíði og eitthvað svona. Þetta er náttúrulega bara geggjað! Þetta er alveg einstakt! Og einhvern veginn það sem er gert úr því sem er, þannig að mér finnst þetta bara... Eins og ég segi, þetta er ekkert stærsta og flottasta leikskólalóð í heimi en hún dugir til síns brúks og er notuð á allan þann hátt sem hægt er að nota hana. [...] Svo er náttúrulega líka bara umhverfið í kringum skólann og kringum hverfið er náttúrulega bara... Endalausar ferðir [um nærumhverfið] og svona þannig að það er að gefa þeim miklu meira en tíu fullkomnar rólur. Að því leytinu er það ótrúlega gott.

Selma og Ásdís töluðu báðar um hvað kennarar nýti aðstöðuna vel. Þær sögðu þá vera duglega að skipta börnunum niður á svæði og nota hvern krók og kima. Selma sagði hins vegar að henni þætti útisvæðið á leikskólalóðinni ekki skemmtilegt. Hún sagði það vera drullusvæði og það vantaði lítil hús í sandkassann til að nota til dæmis sem búð í hlutverkaleik.

Í svörum viðmælenda mátti sjá að almenn ánægja var með umhverfi Bogaborgar. Viðmælendur lýstu yfir ánægju sinni með tengingu leikskólans við grunnskóla hverfisins og þrátt fyrir að leikskólalóðin væri ekki sú besta væri nærumhverfið fjölbreytt og mikið nýtt til útiveru. Þá komu fram hugmyndir um úrbætur á leikskólalóðinni.

#### 4.8 Skógarrjóðrið Engi

Engi er skógarrjóður innan hverfisins þar sem börnin í Bogaborg fá að njóta náttúrunnar og þeirra tækifæra sem hún hefur uppá að bjóða. Í Engi hefur leikskólinn hús til afnota þar sem börnunum gefst tækifæri til að sinna ýmsum heimilisstörfum, svo sem að baka og vaska upp, samhliða leik þeirra.

Viðmælendur rannsóknarinnar voru allir á sama máli um að Engi væri einstakur staður og að börn þeirra væru alltaf spennt að mæta þangað. Þeir töluðu um að þar nýttu börnin hugmyndaflugið til að skapa leikinn því í Engi hefðu þau einungis náttúruna og þann efnivið sem hún hefur upp á að bjóða. Kolfinna sagði:

Minn er svaka Engiskarl. Þetta eru toppvikurnar á árinu þegar hann er að fara í Engi. [...] Já, það er kannski útiveran, trén bara þú veist ímyndunaraflið sem kemur í trjánum. [...] Þetta er bara eitthvað svo... stemmingin. Þau koma þarna og það er kannski bara bakað fyrir þau og þau fá að baka. Hann kemur heim og bara: Ég fékk að setja egginn og smjörið og svo bökuðum við þetta... [...] og það er bara meiri áhugi fyrir að sitja hjá mér og elda. Fá að setja hitt og þetta á pönnuna til dæmis og bara biður um að fá að baka bananabrauð um helgar af því að hann hefur verið að gera það í Engi. Ég finn það sérstaklega eftir vikurnar í Engi. [...] Þetta er eins og sumarbústaður. Þetta er bara eitthvað svo opið og það er hægt að gera svo margt úr þessu. Þau þurfa bara að finna sínar eigin leiðir þarna úti.

Viðmælendur töluðu um að í Engi fái börnin tækifæri til að leika sér í náttúrulegu umhverfi og reyna á styrk sinn og færni þegar þau klifra í trjánum. Arna lýsti yfir ánægju sinni með Engi og sagði:

...og náttúrulega Engi er æðislegt. Mér finnst að vísu alveg ágætt að vera ekki þarna á staðnum. Ég er ekki viss um að ég væri eitthvað mikið að horfa á þau

klifra í trjánum en mér finnst allt í lagi að vita af því að það er verið að klifra í trjánum. Ég væri ekkert alveg róleg þannig að ég dáist alveg að kennurunum að gera það en um leið eru þau að læra svo mikið. Þau eru að læra þú veist, hann er að lýsa fyrir mér: Það má ekki stíga á þessa grein því hún getur brotnað. Þannig að þau læra greinilega alveg á umhverfið. Það hefur aldrei neitt komið fyrir. Engi er náttúrulega bara paradís! Hann elskar að vera þar. [...] Þetta er ein vika [í senn] og þetta er alveg frumstætt í þessa einu viku og það er kostur finnst mér. Að fá að upplifa að vera bara svolítið í hráu umhverfi.

Í ljósi þess að Engi er skógarrjóður og ekki afgirt svæði geta skapast ákveðnar hættur ef ekki er nægilega vel fylgst með börnunum. Í dag er Brynja ánægð með Engi og umhverfið þar en sagðist ekki hafa litist nógu vel á það í upphafi þegar eldri sonur hennar var í Bogaborg. Þá var hún hrædd um að eftirlit leikskólakennara væri ekki nægilega gott og lýsti yfir áhyggjum yfir því að engin girðing væri umhverfis svæðið og stutt í umferðargötu. Í dag líður henni aftur á móti vel með Engi og sagði: „Engi er náttúrulega bara algjör demantur“. Hún sagðist hafa farið þangað með son sinn og vin hans eftir leikskóla einn daginn og sagði að það hafi verið alveg magnað að fylgjast með þeim klifra í trjánum. Hún sagði:

Þeir klifruðu upp í einhvern kofa og ég var alveg skíthrædd en þeir alveg sultuslakir. [Þeir] voru með stjórn á öllu. Þannig að það er náttúrulega ógeðslega flott svæði, mjög þroskandi. Svo líka eins og það er ekkert mikið af dóti úti til dæmis. Þetta er ekkert troðfullt af leiktækjum en þau hafa ímyndunarafl í alveg allskonar.

Líkt og aðrir viðmælendur lýsti Ásdís yfir ánægju sinni með Engi og sagði það vera alveg einstakan stað og að henni liði alltaf mjög vel með Engisvikurnar. Hún sagðist vita að þá væri barnið hennar að fara að gera eitthvað stórkostlegt á hverjum einasta degi. Þá var Selma á sama máli, sagðist vera virkilega ánægð með Engi: „Mér finnst Engi dásamlegt, svona draumastaður“. Aftur á móti hafði hún hugmyndir um úrbætur á umhverfi Engis og sagði:

Ég myndi samt breyta smá úti. Setja meira náttúrulegt efni sem þau nota og geta fært til. Þau mega ekki klifra í trjám þegar það er rigning og greinarnar eru blautar svo þau renni ekki og þá væri gaman að hafa meira til að lyfta og færa. Þau mega ekki skemma trén sem er gott en það vantar eitthvað til að byggja með eða fela sig eða gera eitthvað finnst mér.

Allir viðmælendurnir lýstu yfir ánægju sinni með Engi og þau tækifæri sem það hefur upp á að bjóða. Þeir töluðu um að börnin væru spennit fyrir því að vera þar og takast á við ólík

verkefni. Þá kom meðal annars fram að börnin hefðu einstaklega gaman af því að baka, klifra í trjánum og leika sér í náttúrunni.

#### 4.9 Samskipti starfsfólks við börn og foreldra

Samkvæmt námsskrá Bogaborgar er lagt upp með að skapa ánægjuleg samskipti við börn og foreldra. Niðurstöður rannsóknarinnar benda á að svo sé en allir viðmælendur voru ánægðir með samskiptin. Fram kom að samskiptin væru mjög góð, að þau væru afslöppuð, þægileg og hlýleg. Ásdís sagðist dýrka starfsfólkið sem hefur sinnt syni hennar síðastliðin fjögur ár:

Það er alltaf hægt að fara og tala við þau og ég hef alltaf verið dugleg að spjalla við þær. Ég mæti alltaf rosa miklum skilningi, alveg sama hvað það er. Þú veist, hvort ég þurfi að lengja tímann einn daginn eða eitthvað bara... þá eru þau alltaf bara jákvæð. Ég hef alveg sagt það mörgum sinnum í foreldraviðtölum að hvergi annars staðar hefur verið jafn jákvætt viðhorf gagnvart barninu mínu eins og hér. Það er bara allt dregið upp sem hann er góður í og hitt er svolítið bara svona sett til hliðar. Þannig að ég er alveg ótrúlega þakklát fyrir það hvað það er jákvætt viðhorf gagnvart okkur. Mér finnst það alveg uppá 10.

Þrátt fyrir að Ásdís talaði um að allir væru mjög jákvæðir í garð sonar síns fékk hún á tilfinninguna fyrr í vetur að bein samskipti milli starfsfólks og hans væru ekki mjög mikil í ljósi þess að henni fannst heldur langt liðið á veturinn þegar hann lærði nöfn kennaranna.

Aðrir höfðu ekkert nema jákvætt um samskiptin að segja og talaði Örn um að þeim fyndist vera hlustað á sig ef þau hefðu einhverjar athugasemdir. Hann sagðist fá það á tilfinninguna að allir væru af vilja gerðir til að bæta sig. Hann sagði að samskipti sín við starfsfólkið væru ekki mikil alla jafna og að þau einkenndust einna helst af léttvægu spjalli þegar hann mætir með dóttur sína á morgnana og sækir hana á daginn. Aftur á móti sagði hann að honum þættu samskipti starfsfólksins við dóttur hans „alveg framúrskarandi“.

Arna talaði um að samskiptin væru ótrúlega persónuleg milli starfsfólks og sonar hennar og sagði hann treysta þeim ofboðslega vel:

Mér finnst alltaf eins og hann hafi pláss. Þegar hann kemur er hlustað á hann. Honum er boðið góðan daginn og kvaddur [í lok dags]. Það er haft fyrir því að honum líði eins og hann sé velkominn. Mér finnst ekki of mikil svona formlegheit. Þetta er ekki eins og ég sé að fara með barnið mitt til einhvers ókunnugs. Heldur er bara talað við mig eins og ég sé bara manneskja og það er bara á jafningjagrundvelli svolítið og þá líður mér eins og barnið mitt sé að fara heim þegar það er að fara í leikskólann en ekki eins og ég sé að setja það á einhverja



„stofnun“ í rauninni. Það er bara að fara heim. Allt mjög heimilislegt og mér líður vel með það og kannski líka smitast það yfir á þau [börnin]. Það er bara ofboðslega vel hugsað um þau.

Þá talaði hún einnig um að samskipti starfsfólks og foreldra væru mjög persónuleg og lýsti ánægju sinni með hversu sýnilegir stjórnendur leikskólans væru. Hún talaði um að alltaf gæfist tími til að ræða málin ef eitthvað kæmi upp og að upplýsingaflæðið væri gott. Að auki hafði hún orð á því að 100% traust ríkti á milli starfsfólks og foreldra og að allt væri „alveg ótrúlega faglegt og flott“.

Líkt og aðrir viðmælendur lýsti Selma ánægjulegum samskiptum við starfsfólkið og talaði um að góð samvinna milli heimilis og skóla hefði hjálpað til við aðlögun sonar hennar á sínum tíma sem ekki hefði gengið eins vel til að byrja með og aðlögun dóttur hennar. Hún sagði samskiptin vera yndisleg og að kennararnir hjálpi dóttur hennar með allskonar hluti.

Viðmælendur voru sammála um að samskipti starfsfólks við börn og foreldra væru alla jafna góð og að þau einkenndust af virðingu, jákvæðni og skilningi.

#### **4.10 Upplýsingamiðlun**

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að misjafnt er hvort upplýsingar skili sér til foreldra eða ekki. Sumir foreldrar töldu upplýsingaflæði vera ábótavant og töldu sig ekki vita nægilega mikið um starfið á meðan öðrum fannst það vera gott.

Brynja sagðist til að mynda ekki vita mikið um starfið sem fer fram í Bogaborg og finnst vanta upplýsingar um þau markmið sem unnið er að hverju sinni. Hún sagði að hana gruni hvernig venjulegur dagur sé en segist hins vegar ekki vera með skipulagið á hreinu. Hún sagðist hafa mikla ánægju af því að fá tölvupóst á föstudögum með upplýsingum um leikskólastarfið en finnst vanta í þá pósta með hvaða þætti hefur verið unnið í vikunni og á hvað er lögð áhersla. Reynsla Ásdísar var svipuð en hún sagði að sér þætti veturinn sem er að líða hafa verið „óskýrari“ en undanfarin ár. Hún sagðist ekki vera með markmiðin á hreinu og hvorki vita með hvaða þætti væri verið að vinna né hvernig það væri gert. Í framhaldi af því sagðist hún frekar vilja að áhersla væri lögð á frjálst val barnanna til inni- eða útiveru þegar þau væru í frjálsum leik en að ferðir um nærumhverfið, þar sem lögð væru inn ákveðin hugtök hjá börnunum og hefðu kennslufræðilegt gildi, væru síður valkvæðar.

Aðrir viðmælendur voru ekki á sama máli og töluðu um að þeim þætti upplýsingaflæðið gott. Fram kom að foreldrum hafi verið veitt góð innsýn í leikskólastarfið á foreldrafundinum sem haldinn var síðastliðið haust þar sem leikskólastarfið var kynnt fyrir foreldrum. Þá sagði Arna: „Öll upplýsingagjöf er góð, við fáum að vita af öllu ef eitthvað er“. Þegar hún var spurð að því á hverju hún teldi að foreldrar byggðu vitneskju sína sagði hún:

Að hluta til fer það eftir því hvernig foreldrið er. Það er náttúrulega eitthvað á heimasíðunni sem hægt er að lesa ef þú ert þannig foreldri og vilt vita bara nákvæmlega: á þessum leikskóla er þessi stefna. Þá eru þar náttúrulega þær upplýsingar þannig einhverjir byggja það þannig. En svona í gegnum daginn held ég að það sé bara á samskiptum. Svo er það náttúrulega þessi Facebook-síða, sem er aðeins leiðinlegri núna því það má ekki gera neitt lengur, en þar koma samt upplýsingar og svona. [...] Svo eru náttúrulega póstar, deildarstjórinn, og væntanlega allir deildastjórar eru mjög duglegir að senda pósta þar sem börnunum er hrósað, farið yfir hvað var verið að gera í vikunni og hvað er framundan. Þetta er ekkert alveg vikulega en alveg nógu reglulega þannig að maður viti hvað er í gangi. Það er líka farið í þetta á kynningarfundinum. Þá var talað um flæðið og talað um muninn á húsunum. [...] Svo náttúrulega líka bara tilfinningin þegar þú kemur og sækir sem er líka misjafnt eftir foreldrum. Ef þú kemur alltaf fyrir klukkan 8 og kominn að sækja um 17 þá kannski nærðu ekkert mikið að sjá hvernig starfið er.

Í viðtölunum kom fram að upplýsingamiðlun færi að mestu leyti fram í gegnum tölvupóstsamskipti auk þess sem Facebook-síður deildanna veittu foreldrum góða innsýn í starfið. Örn sagðist einna helst fá upplýsingar í gegnum tölvupóst en viti í sjálfu sér ekki almennilega hvað dóttir hans sé að fást við í leikskólanum yfir daginn. Hann sagðist einna helst skoða Facebook-myndirnar og fylgjast með því hvort dóttir hans sé með í barnahópnum. Hann sagðist þekkja fötin hennar og fá þannig innsýn í leikskólastarfið í gegnum myndirnar auk þess sem hann sagði þær vera mun eftirminnilegri en tölvupóstarnir.

Reynsla viðmælenda af upplýsingagjöf leikskólans er því misjöfn. Sumir telja hana ekki vera nægilega góða á meðan öðrum finnst hún góð. Á foreldrafundi á haustin er starfsemin kynnt fyrir foreldrum en að öðru leyti fer upplýsingagjöfin einna helst fram í gegnum tölvupóstsamskipti. Auk þess fá foreldrar ágæta innsýn í leikskólastarfið í gegnum Facebook-síður deildanna.

#### **4.11 Samantekt**

Í leikskólanum Bogaborg er dagskipulagið sveigjanlegt og áhersla er lögð á að mæta börnunum á þeirra forsendum og skapa þeim þannig tækifæri til virkrar þátttöku. Með sveigjanlegu dagskipulagi gefst betra tækifæri til að vinna með áhuga barnanna hverju sinni auk þess sem starfsfólki gefst betra rými til að nýta styrkleika sína í starfi með börnunum.

Þeir foreldrar sem tóku þátt í rannsókninni telja að börnum sínum líði almennt vel í leikskólanum Bogaborg. Þeir töluðu um að börnin væru alltaf tilbúin að mæta í leikskólann

og að sum vildu jafnvel ekki fara heim í lok dags. Viðmælendur sögðu það vera áberandi hversu jákvætt viðhorf starfsfólks væri í garð barna þeirra og töluðu þeir um að litið væri á börnin sem fullgilda einstaklinga sem borin væri virðing fyrir og hlustað væri á.

Viðmælendur töldu sveigjanleikann í leikskólastarfinu vera mikinn og að tækifæri barnanna til virkrar þátttöku væru góð. Þeir töluðu um að í stað þess að dagurinn væri fyrirfram skipulagður væru tækifærin gripin og að áhugi barnanna réði ferðinni. Börnin kæmu með hugmyndir og fengju tækifæri til að framkvæma þær í leikskólanum.

Viðmælendur voru almennt ánægðir með efniviðinn sem stendur börnunum til boða í Bogaborg. Þeir töluðu sumir um að börn þeirra ættu auðvelt með að búa sér til leik úr litlu og gætu notað hugmyndaflug sitt á ýmsan hátt í leik með opinn efnivið. Þá töluðu þeir um að börnin gætu notað ýmsan verðlausan efnivið í leik heima við og töldu það meðal annars vera leikskólanum að þakka. Þeir vildu tengja það við þau tækifæri sem börnin í Bogaborg fá til að virkja hugmyndaflug sitt í leik með opinn og jafnvel verðlausan efnivið.

Almenn ánægja var á meðal viðmælenda með umhverfi Bogaborgar og tengingin við skólann talin vera góð. Samkvæmt þeim virðast leikskólakennararnir vera duglegir við að nota svæðin sem leikskólinn og nærumhverfið hefur uppá að bjóða fyrir börn í leik. Bogaborg er staðsett í námunda við mikla náttúru og hefur meðal annars aðstöðu í Engi, skógarrjóðri innan hverfisins. Viðmælendur töluðu sérstaklega um hversu ánægð börn þeirra væru í Engi. Þar fengju þau tækifæri til að baka og leika sér innan um trén þar sem þau geta reynt á styrk sinn og sköpun í leik.

Þrátt fyrir að viðmælendur telji margt gott við umhverfi leikskólans eru einnig þættir sem þeir telja að megi bæta. Minnst var á að bæta mætti litlum húsum í sandkassann á leikskólalóðinni til að auðga hlutverkaleik barnanna. Einnig var talað um úrbætur á umhverfi Engis og lagt til að bæta við náttúrulegum efniviði utandyra sem börnin gætu fært til og leikið sér með.

Reynsla viðmælenda af samskiptum við starfsfólk leikskólans er almennt góð. Þau eru talin einkennast af virðingu, jákvæðni og skilningi þar sem fólk finnst vera hlustað á sig og allir eru af vilja gerðir til að gera vel. Jafnframt telja viðmælendur samskipti barna sinna við starfsfólkið vera góð og einkennast af gagnkvæmri virðingu. Einn viðmælandinn nefndi þó að sonur sinn hefði mögulega ekki verið í miklum beinum samskiptum við leikskólakennarana í upphafi vetrar í ljósi þess að hann lærði ekki nöfnin þeirra fyrr en töluvert var liðið á veturinn.

Viðmælendur töluðu um að upplýsingamiðlun fari einna helst fram í gegnum tölvupóst, óformleg dagleg samskipti og Facebook-síður deildanna auk þess sem haldinn er foreldrafundur á haustin. Á foreldrafundinum er leikskólastarfið kynnt fyrir foreldrum og þeim gerð grein fyrir áherslum í starfinu þann veturinn. Facebook-síðan er sá vettvangur þar

sem viðmælendur telja sig fá hvað mesta innsýn í starfið í gegnum myndir en auk þess fái þeir ákveðna innsýn þegar þeir koma með börnin í upphafi dags og sækja þau í lok dags.

## 5 Umræður

Í þessum kafla verða helstu niðurstöður rannsóknarinnar settar í samhengi við fræðilega umfjöllun. Markmið rannsóknarinnar var að leita eftir reynslu foreldra á líðan barna þeirra í leikskóla sem styðst við hugmyndir um flæði. Tilgangur hennar var að fá innsýn í hvaða þættir það eru sem hafa áhrif á líðan barnanna í leikskólanum, hvað foreldrum finnst vera vel gert og hvað þeir telja að hægt sé að bæta. Þá var tilgangurinn einnig að gera grein fyrir þeim þáttum svo aðrir leikskólar geti nýtt sér þá til þróunar í starfi.

Umræðunum er skipt upp í nokkra kafla sem hver um sig á þátt í að svara rannsóknarspurningunni þar sem spurt er hver reynsla foreldra sé af líðan barna þeirra í leikskóla þar sem stuðst er við hugmyndir um flæði. Í umræðunum er gerð grein fyrir viðhorfi starfsfólks til barna í leikskólanum, virkri þátttöku barna í leikskólastarfinu, flæði og námsumhverfi og að lokum upplýsingamiðlun. Þá eru umræðurnar um niðurstöðurnar teknar saman og settar í samhengi við rannsóknarspurningarnar. Að lokum er fjallað um helstu áskoranir og álitamál sem snúa að rannsókninni og rannsakandanum sjálfum.

### 5.1 Viðhorf starfsfólks til barna í leikskólanum

Í leikskólanum Bogaborg er lagt upp með að viðhorf starfsfólks til barnanna séu í anda síðtímahugmynda um börn og nám. Þá er litið á börn sem fullgilda einstaklinga sem fá að hafa áhrif á líf sitt og tilveru með því að láta í ljós skoðanir sínar og fá tækifæri til virkrar þátttöku (Dahlberg o.fl., 2013; Jóhanna Einarsdóttir, 2008a). Slík viðhorf virðast vera til staðar í Bogaborg því reynsla foreldra er sú að borin sé virðing fyrir börnunum og litið á þau sem fullgilda einstaklinga. Þeir telja að hlustað sé á börnin, sjónarmið þeirra virt og tillit tekið til þarfa þeirra og langana.

Í Bogaborg ríkir mikil ánægja meðal foreldra með jákvætt og vinalegt viðhorf í garð barna þeirra sem án efa hefur jákvæð áhrif á vellíðan barnanna í leikskólanum. Móðir sem tók þátt í rannsókninni hafði orð á því að hún hefði aldrei upplifað að sonur hennar mætti eins jákvæðu viðhorfi og hann gerir í Bogaborg. Hún sagði að allt sem hann er góður í væri dregið fram og annað svolítið sett til hliðar. Hún sagðist vera ótrúlega þakklát fyrir hversu jákvætt viðhorfið væri gagnvart þeim. Þessi reynsla foreldra er í samræmi við niðurstöður rannsóknar Önnu Magneu Hreinsdóttur þar sem fram kemur að viðhorf til barna getur haft áhrif á það hvort og hvernig hlustað er á þau og þar af leiðandi tækifæri þeirra til að taka þátt í að móta umhverfi sitt (Anna Magnea Hreinsdóttir, 2008).

## 5.2 Virk þátttaka barna í leikskólastarfinu

Þátttöku barna er gert hátt undir höfði í Bogaborg samkvæmt námskrá leikskólans. Reynt er eftir fremsta megni að veita börnunum tækifæri til virkrar þátttöku og stuðla að því að þau geti haft áhrif á leik sinn og daglegt líf. Börnin finna sér viðfangsefni eftir áhuga hverju sinni og er frjálst að skipta þegar þau vilja. Viðmælendur lýstu yfir ánægju sinni með virka þátttöku barna þeirra í leikskólastarfinu og sögðu að börnunum þætti gott að geta haft áhrif á athafnir sínar því þá finni þau fyrir innri styrk og líði vel. Það rímar við rannsókn Erlu Óskar og Kristínar þar sem fram kom að með auknum tækifærum barna til virkrar þátttöku megi stuðla að vellíðan þeirra (Erla Ósk Sævarsdóttir og Kristín Karlsdóttir, 2016).

Þegar skoðuð voru einstaka tilvik í frásögnum viðmælenda mátti sjá að tækifæri barna í Bogaborg til virkrar þátttöku voru góð og lítil stýring af hendi leikskólakennara. Sem dæmi um virka þátttöku má nefna tvö tilvik, annars vegar dreng sem skrifaði bréf til leikskólastjóra, með aðstoð leikskólakennara, þar sem hann óskaði eftir nýjum hátalara. Bréfaskrifin skiluðu árangri og var nýr hátalari kominn innan skamms. Hins vegar dreng sem bjó til kafbát eftir eigin hugmynd en fékk aðstoð leikskólakennara til að koma því í framkvæmd. Hér á eftir verða þessi dæmi sett í samhengi við þátttökustiga Hart.

### 5.2.1 Þátttökustigi Hart

Þegar rannsóknargögnin voru greind með tilliti til reynslu viðmælenda af virkri þátttöku barna þeirra voru valin dæmi úr viðtölunum og þau tengd við þátttökustiga Hart. Arna og Kolfinna nefndu báðar dæmi þar sem synir þeirra fengu tækifæri til virkrar þátttöku og höfðu þannig áhrif á nám sitt. Sonur Örnú skrifaði bréf til leikskólastjóra og óskaði eftir nýjum hátalara en sonur Kolfinnu bjó til kafbát í leikskólanum.

Arna sagði að sonur sinn hefði mjög gaman af því að syngja og dansa en að hátalarinn á deildinni hans hefði bilað og því engin tónlist verið í boði. Hún sagði að þegar hann óskaði eftir nýjum hátalara hafi honum verið bent á að skrifa bréf og senda til leikskólastjórans. Það gerði hann og stuttu síðar kom nýr hátalari á deildina. Arna sagði að hann hafi verið einstaklega stoltur og hún sömuleiðis. Hún var ánægð með að honum hafi verið hjálpað við að finna lausn á vandanum og fengið þannig tækifæri til að hafa áhrif á umhverfi sitt. Samkvæmt þátttökuflokkun Hart (1992) myndi þetta tilvik flokkast í sjötta þepið (*Frumkvæði fullorðinna en sameiginleg ákvarðanatoka*) þar sem hugmyndin að lausn vandans var leikskólakennarans en í sameiningu unnu hann og drengurinn að lausninni. Í sjötta þepi þátttökustigans eiga hinir fullorðnu frumkvæði að verkefninu en börnin eru höfð með í ráðum (Guðrún Alda Harðardóttir og Baldur Kristjánsson, 2013; Hart, 1992; Jóhanna Einarsdóttir, 2007).

Þegar sonur Kolfinnu bjó til kafbátinn hafði hann sagt móður sinni frá því fyrr um morguninn að í dag langaði hann að búa til kafbát eins og hann hafði séð deginum áður. Þegar hann mætti í leikskólann og bar upp hugmyndina var honum bent á hvar hann gæti fundið hentugan efnivið í kafbátagerð og síðan var það hans að útbúa kafbátinn með möguleika á aðstoð leikskólakennara ef á þyrfti að halda. Fjórum dögum síðar kom hann heim, virkilega stoltur, með kafbátinn sem hann hafði fönðrað. Kolfinna sagði að kafbáturinn hefði ekki beint litið út eins og kafbátur í hennar augum en í hans augum gerði hann það og stoltið leyndi sér ekki. Samkvæmt átta þrepa þátttökustiga Hart (1992) myndi kafbátagerðin flokkast í áttunda þrepið (*Frumkvæði barna en sameiginleg ákvarðanatáka*) þar sem hugmyndin var hans og framkvæmdin einnig þrátt fyrir að hann hafi fengið aðstoð leikskólakennara. Í áttunda þrepinu er þátttaka barna mest. Börnin eiga hugmyndina og frumkvæðið að verkefninu en þau vinna verkefnið í samvinnu við fullorðna (Hart, 1992; Guðrún Alda Harðardóttir og Baldur Kristjánsson, 2013; Jóhanna Einarsdóttir, 2007).

Í báðum þessum dæmum má greina virka þátttöku barna þar sem hlustað er á sjónarmið þeirra og þau fá tækifæri til að hafa áhrif á umhverfi sitt. Eðlismunur er þó á þátttöku drengjanna þar sem annað tilvikið tilheyrir sjötta þrepi þátttökustiga Hart (1992) en hitt áttunda þrepinu.

Jákvætt viðhorf og sveigjanleiki í leikskólastarfi Bogaborgar á stóran þátt í því að hægt sé að skapa börnunum tækifæri til virkrar þátttöku. Samkvæmt Emilsson og Folkesson (2006) þarf skipulag leikskólastarfs að vera sveigjanlegt og stýring kennara takmörkuð til að börn fái aukin tækifæri til virkrar þátttöku. Þannig þjálfast börnin í því að leita lausna og leysa vandamál á mismunandi vegu.

### 5.3 Flæði og námsumhverfi

Námsumhverfi Bogaborgar er byggt upp á þann hátt að börn fái tækifæri til að upplifa flæði. Samkvæmt námskránni er lagt upp með sveigjanlegt dagskipulag svo hægt sé að mæta þörfum og áhuga hvers og eins auk þess að umhverfið taki mið af ólíkum einstaklingum svo allir fái notið sín á eigin forsendum. Viðmælendur höfðu orð á því að með sveigjanleika í dagskipulaginu gæfist börnunum tækifæri til að hafa áhrif á athafnir sínar og viðfangsefni í stað þess að allir fylgdu fyrirfram ákveðnu skipulagi. Þannig gætu börnin leyft áhuga sínum að ráða ferðinni og sökkt sér djúpt í leikinn eins og haft var á orði. Það rímar vel við hugmyndir um flæði í leikskólastarfi sem byggja líkt og almennar hugmyndir Csikszentmihalyi (2004) um flæði, að börn fái tækifæri til upplifa svo mikla ánægju og vellíðan í leik og starfi að þau gleymi stað og stund. Ánægjan og vellíðunartilfinningin sem einstaklingurinn upplifir er svo mikil að hún knýr hann áfram og fátt annað kemst að. Sara Margrét Ólafsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (2016a) greina frá því að til að börn fái tækifæri til að upplifa flæði í

leikskólastarfi þurfi að búa svo um að námsumhverfið sé hvetjandi fyrir börnin og veiti þeim tækifæri til að hafa áhrif á umhverfi sitt.

Viðmælendur nefndu einnig að í Bogaborg séu ekki gerðar óraunhæfar kröfur til barnanna sem þau geta augljóslega ekki mætt eða vekja hjá þeim vanlíðan. Það bendir til þess að möguleikar barnanna til að upplifa flæði séu til staðar en eins og Csikszentmihalyi (1990) greinir frá þurfa verkefni einstaklinga að vera hæfilega krefjandi svo líklegra sé að þeir upplifi flæðiástand.

### 5.3.1 Skipulag

Í Bogaborg er stuðst við sveigjanlegt dagskipulag þar sem áhersla er lögð á að börn njóti sín í leik. Tekið er tillit til hvers og eins og reynt er eftir fremsta megni að gefa börnunum þann tíma og það rými sem þau þurfa til að þróa og dýpka leikinn. Þannig er tími til leiks síður slitinn í sundur og aukin tækifæri fyrir börnin til að komast í flæðiástand.

Segja má að svör viðmælenda gefi til kynna að dagskipulag Bogaborgar sé sveigjanlegt eins og lagt er upp með. Viðmælendur sögðu að börn sín fengju að hafa áhrif á athafnir sínar hvort sem um væri að ræða leik þeirra eða matartíma. Þá kom fram að börnin fái að njóta sín í leik og með sveigjanleika sé hægt sé að sníða dagskipulagið eftir orku og áhuga hvers og eins. Í fyrri rannsóknum hefur komið í ljós að í leikskóla þar sem dagskipulagið er sveigjanlegt voru börnin virk í leik og starfi meiri hluta dags þar sem þau náðu að sökkva sér í verkefni sín og fengu tækifæri til að komast í flæðiástand. Þar kom einnig í ljós að með því að veita börnum tækifæri til virkrar þátttöku, hlusta á þau og bera virðingu fyrir leik þeirra og áhugamálum er líklegra að sjálfsmynd þeirra styrkist (Anna Magnea Hreinsdóttir, 2012; Sara Margrét Ólafsdóttir, 2013).

Viðmælendur töluðu um að með sveigjanlegu dagskipulagi gæfust aukin tækifæri til að elta áhuga barnanna hverju sinni og aðlaga verkefnið að hugmyndum þeirra. Ef áhugi þeirra á ákveðnu verkefni væri lítill gæti verkefnið sjálft varað í stuttan tíma en ef börnin væru áhugasöm væri hægt að vinna meira með það og láta það ná yfir lengri tíma. Samkvæmt þessum ummælum viðmælenda fá börnin í Bogaborg tækifæri til virkrar þátttöku en Dahlberg o.fl. (2013) greina frá því að tækifæri barna til virkrar þátttöku séu meiri þegar dagurinn er ekki skipulagður út frá klukkunni. Í stað þess að börnin þurfi að klára verkefni sín eða leikinn á ákveðnum tíma geta þau klárað á sínum hraða á ánægjulegan hátt. Þar af leiðandi er það áhugi og virkni barnanna sem stjórna deginum í stað klukkunnar og ákveðin virðing er borin fyrir leik þeirra og námi.

Með sveigjanlegu dagskipulagi í leikskólanum Bogaborg, líkt og viðmælendur greindu frá, fá börnin tækifæri til að taka sjálfstæðar ákvarðanir og hafa þannig áhrif á eigið nám. Hægt er að stuðla að sjálfraði barna með því að veita þeim frelsi til að taka eigin ákvarðanir um



viðfangsefni sín en sjálfræði barna er meira þar sem dagskipulagið er sveigjanlegt og tækifæri þeirra til að vera skapandi eru fleiri (Sara Margrét Ólafsdóttir, 2013).

Það er því árangursríkt að skipuleggja leikskólastarfið út frá áhuga og hæfni barnanna í stað klukkunnar og skapa sveigjanleika svo hægt sé að aðlaga starfið að börnunum hverju sinni. Með því er hægt að styrkja sjálfmynd þeirra og auka þannig vellíðan.

### 5.3.2 Umhverfi

Umhverfi Bogaborgar er fjölbreytt og býður upp á ótal möguleika fyrir börnin. Viðmælendur lýstu yfir ánægju með að leikskólakennarar væru duglegir við að nýta hvern krók og kima til að skapa leikaðstæður fyrir börnin innandyra. Það er í takt við Aðalnámskrá leikskóla þar sem fram kemur að börn þurfi að fá rými til að geta leikið sér í ró og næði hvort sem um er að ræða litla eða stóra hópa. Þau þurfa einnig að fá tækifæri til að geta hreyft sig á fjölbreyttan hátt eftir áhuga og þörfum (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011).

Leikskólinn er staðsettur í námunda við mikla og fjölbreytta náttúru sem er vel nýtt í leik og starfi með börnunum. Viðmælendur lýstu Engi sem paradís þar sem börnin fá tækifæri til að leika sér í náttúrulegum aðstæðum og gleyma sér í leik innan um trén. Samkvæmt McClintic og Petty (2015) býður útivera leikskólabarna upp á ótal möguleika og hefur jákvæð áhrif á alhliða þroska þeirra. Í náttúrunni geta þau gert ýmsar athuganir og rannsakað möguleika hennar en þannig örva þau skynfærin sem kallar á frekari löngun til að kanna og uppgötva meira í umhverfinu. Líkt og í rannsókn Waller (2007) fá börnin tækifæri til að skapa sinn eigin leik í Engi, án afskipta fullorðinna, láta hugmyndaflugið ráða ferðinni og reyna á styrk sinn og hæfni.

### 5.3.3 Efniviður

Lagt er upp með að efniviðurinn sem stendur börnunum til boða í Bogaborg sé að mestu leyti opinn og feli þar af leiðandi ekki í sér fyrirfram ákveðnar lausnir. Viðmælendur lýstu yfir ánægju sinni með þann efnivið og töluðu um að börnin ættu gott með að nýta hugmyndaflug sitt í leik heima. Þeir sögðu að börnin ættu auðvelt með að tína ýmislegt til svo sem ísspýtur, pappakassa, steina og kubba og nýta í leik sinn. Það er í samræmi við upplýsingar frá NCCA (2015) sem segja að mörg börn hafi mikla ánægju af leik með opinn efnivið vegna tækifæranna sem hann færir þeim. Hann hvetur þau til að prófa sig stöðugt áfram, uppgötva eitthvað nýtt og byggja upp þekkingu sína á heiminum. Þau rannsaka hvað efniviðurinn hefur uppá að bjóða, hvað hann gerir og finna nýjar leiðir til að nota hann.

Samkvæmt viðmælendum rannsóknarinnar leika börnin í Bogaborg sér mikið með einingakubba ásamt ýmsum verðlausum efniviði. Einn viðmælandinn lýsti yfir áhyggjum sínum á því hvort einingakubbarnir væri of einhæfur efniviður og ekki nægilega krefjandi þegar líður á leikskólagöngu barnanna. Aftur á móti sýna rannsóknir fram á að leikur með

einingakubba geti haft víðtæk áhrif á þroska barna og að kubbabyggingarnar þróist með auknum þroska barnanna og reynslu þeirra og verði sífellt flóknari með tímanum (Brody og Hirsch, 1996; Elva Önundardóttir, 2010).

Einnig komu fram vangaveltur á meðal viðmælenda hvort markmið starfsins ættu að vera skýrari og börnunum stýrt í ákveðin verkefni sem leggja inn sérstaka þekkingu. Þannig væru þeim kenndir ákveðnir þættir sem fullorðnir líta á sem nauðsynlega þekkingu fremur en að nám fari fram í leik og byggi eingöngu á áhuga barnanna. Vangaveltur sem þessar eru ekki einsdæmi og jafnvel eru skiptar skoðanir á meðal leikskólakennara hvort nota eigi beinar kennsluaðferðir í leikskólum, til dæmis við stafainnlögn (Ingibjörg Sigurðardóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2012). Rannsóknir hafa sýnt fram á að börn geti meðal annars lært í gegnum leik með einingakubba sem byggður er á þeirra reynsluheimi og hugmyndaflugi. Nám þeirra getur þannig eflst á eigin forsendum þar sem þau ráða sjálf ferðinni í leiknum og taka sjálfstæðar ákvarðanir án stýringar kennara (Winsor, 1996). Leikskólakennarinn getur þar að auki lagt ýmislegt til leiksins án þess að vera stýrandi. Hann getur til dæmis veitt börnunum aðgang að ýmsum viðbótarefniviði, svo sem tréverum, pappír, litum og límbandi, efnisbútum og steinum sem börnin geta notað með einingakubbum ef þau vilja (Elva Önundardóttir, 2010). Brody og Hirsch (1996) greina einnig frá því að leikur með opinn efnivið, líkt og einingakubba, samtvinnt öðrum námsþáttum eins og listum, stærðfræði, læsi, vísindum og samfélagsfræði. Þá er hægt að gera nám barna í gegnum leik greinilegra fyrir foreldrum með skráningum sem eru þeim sýnilegar svo sem á Facebook (Dagbjört Svava Jónsdóttir, 2016).

Efniviðurinn sem stendur börnunum til boða skiptir máli þegar námsumhverfi þeirra er skipulagt með flæði í huga. Verkefni mega ekki vera of flókin en heldur ekki of auðveld (Csikszentmihalyi, 1990). Opinn efniviður, líkt og einingakubbar sem eru mikið notaðir í Bogaborg, er því kjörinn fyrir börn til að komast í flæði því það er undir þeim komið að skapa leikinn með eigin ímyndunarafli og hugmyndaflugi.

#### **5.3.4 Samskipti**

Samkvæmt reynslu viðmælenda einkennast samskiptin í Bogaborg fyrst og fremst af virðingu, jákvæðni og skilningi. Þeir tala um að samskiptin séu persónuleg og að virðing sé borin fyrir börnunum þar sem hlustað er á þau og sjónarmið þeirra eru virt. Þegar skapa á aðstæður í leikskólum þar sem lýðræði ríkir og börn fá tækifæri til virkrar þátttöku er mikilvægt að skilningur sé til staðar og að borin sé virðing fyrir börnunum sem fullgildum einstaklingum (Bae, 2012). Samkvæmt viðmælendum eru samskiptin í Bogaborg afslöppuð, þægileg og hlýleg. Bae (2012) talar um að til þess að börn leitist eftir því að taka virkan þátt í ákvarðanatöku og séu tilbúin til að deila skoðunum sínum með öðrum skiptir máli hvernig samskiptamátinn er á milli leikskólakennara og barna.

Miðað við frásagnir viðmælenda gefa leikskólakennararnir í Bogaborg sér tíma til að spjalla við börnin og aðstoða þau við verkefni sem þau ráða ekki við ein og óstudd. Samkvæmt fyrri rannsóknum skiptir miklu máli að samskipti leikskólakennara og barna séu á uppbyggilegum nótum því börn læri í samvinnu við aðra getumeiri einstaklinga. Samkvæmt kenningum Vygotsky fer nám fram á svæði hins mögulega þroska og krefst samvinnu og samskipta í stað þess að vera einangrað ferli (Jóhanna Einarsdóttir, 2008a; Rogoff, 2003).

## 5.4 Upplýsingamiðlun

Í Bogaborg er lagt upp með að eiga í góðu samstarfi við foreldra og veita þeim upplýsingar um nám og þroska barna þeirra eftir bestu getu. Samkvæmt viðmælendum eru tölvupóstasamskipti og óformlegt spjall við leikskólakennara, í upphafi og lok dags, þeir samskiptamátar sem einna helst eru notaðir við miðlun upplýsinga í Bogaborg. Í niðurstöðum rannsóknar Jóhönnu Einarsdóttur (2010) kom fram að foreldrar mátu mest óformleg samskipti við leikskólakennarana. Það var þegar þeir fengu upplýsingar um börn sín og leikskólastarfið í óformlegum samskiptum sem fóru að mestu leyti fram í upphafi og lok dags.

Viðmælendur nefndu einnig að samskiptamiðilinn Facebook veitti þeim innsýn í starfið en sögðu jafnframt að þeir söknuðu þess að sjá andlit barna sinna á myndunum. Þrátt fyrir að ekki séu birtar andlitsmyndir á Facebook-síðum deildanna birtast þar myndir af athöfnum barnanna og nýtist samskiptamiðillinn því sem skráningarform sem er sýnilegt foreldrum. Með því að veita foreldrum tækifæri til að fylgjast með skráningunum geta þeir fengið betri innsýn í námsferli barna sinna í leikskólanum (Rinaldi, 1998).

Viðmælendur voru ekki allir á sama máli hvort upplýsingaflæðið væri gott eða ekki. Sumum fannst ekkert vanta uppá að upplýsingum væri miðlað til þeirra en öðrum fannst þeir ekki vita nægilega mikið um markmið og aðferðir sem unnið er með í leikskólanum. Á haustin eru haldnir foreldrafundir þar sem leikskólastarfið er kynnt og foreldrum gerð grein fyrir markmiðum og tilgangi þeirra aðferða sem unnið er með í leikskólanum. Í ljósi þess að sumum viðmælendum fannst vanta upp á upplýsingamiðlun má velja því fyrir sér hvort upplýsingarnar þurfi að vera aðgengilegri og jafnvel sýnilegri foreldrum með einhverjum hætti. Mögulega mætti nýta tæknina betur því til eru ýmis smáforrit sem gætu reynst vel við miðlun upplýsinga til foreldra.

Í ljósi þess að sumir viðmælendur töldu sig ekki fá nægar upplýsingar um leikskólastarfið en lýstu þó yfir mikilli ánægju með það er vert að velja því fyrir sér hvort þeir hafi á einhvern hátt ofmetið starf Bogaborgar. Það væri líkt og í rannsókn Cryer, Tietze og Wessels (2002) þegar rannsakendur töldu foreldra hugsanlega hafa ofmetið gæði leikskólanna. Ein af mögulegum ástæðum þess töldu þeir vera að foreldrar væru lítið í leikskólanum og fylgdust takmarkað með því sem þar átti sér stað. Þar af leiðandi höfðu foreldrar ekki miklar

upplýsingar um það sem fram fór í leikskólanum og höfðu mögulega tilhneigingu til að ofmeta starfið.

Upplýsingagjöf er mikilvæg þegar kemur að leikskólastarfi með börnum í ljósi þess að eitt af markmiðum í leikskólastarfi er að fylgjast með og stuðla að þroska barna í samvinnu við foreldra (Lög um leikskóla nr. 90/2008). Því skiptir máli að finna gagnlegar leiðir til að miðla upplýsingum til foreldra og er möguleiki á að fara þurfi mismunandi leiðir til að ná til sem flestra því misjafnt er hvað hentar hverjum og einum.

## 5.5 Samantekt

Hér verður farið yfir umræður um niðurstöðurnar og leitast eftir því að koma með skýr svör við rannsóknarspurningunni sem er: Hver er reynsla foreldra af líðan barna þeirra í leikskóla sem styðst við hugmyndir um flæði?

Reynsla foreldra er sú að börnum þeirra líður almennt vel í leikskólanum Bogaborg sem styðst við hugmyndir um flæði í leikskólastarfi. Til að byrja með er það jákvætt viðhorf leikskólakennara gagnvart börnunum sem þau telja að skapi mikla vellíðan hjá þeim. Það er einnig virk þátttaka barnanna og námsumhverfið í heild sem spila stórt hlutverk í því að börnunum líði vel og skapa aðstæður sem veita þeim tækifæri til að upplifa flæði í leikskólanum.

Til að leita svara við rannsóknarspurningunni voru settar fram nokkrar undirspurningar sem snúa að námsumhverfi barnanna í Bogaborg. Í þeim var leitað eftir reynslu foreldra af skipulagi leikskólastarfsins, umhverfi leikskólans, efniviðnum sem stendur börnunum til boða og samskiptum við starfsfólk.

Viðmælendur lýstu yfir ánægju sinni með sveigjanlegt dagskipulag. Þeir sögðu að með slíku fyrirkomulagi væri auðveldara að mæta börnunum á þeirra forsendum og veita þeim tækifæri til virkrar þátttöku. Þá fá börnin tíma og rými til að þróa og dýpka leik sinn og tækifæri til að komast í flæðiástand. Slíkt skipulag styður við lýðræðislegar hugmyndir í leikskólastarfi og stuðlar að bættri sjálfsmynd barna.

Viðmælendur voru einnig almennt ánægðir með umhverfi leikskólans. Með því að nýta hvern krók og kima í húsnæðinu er hægt að útbúa rými þar sem börn fá næði til leiks. Skógarrjóðrið Engi skapar einstaka vellíðan hjá börnunum þar sem þau fá tækifæri til að leika sér í náttúrunni, reyna á styrk sinn og hæfileika ásamt því að uppgötva umhverfi sitt betur með örvun skynfæranna.

Mikil ánægja var á meðal viðmælenda með efniviðinn sem stendur börnunum til boða í Bogaborg. Hann byggir að mestu leyti á opnum efniviði sem er þannig gerður að hann býður upp á óendanlega möguleika og felur ekki í sér fyrirfram ákveðna lausn. Slíkur efniviður

krefst skapandi hugsunar af börnunum og ræðst leikurinn af hugmyndaflugi þeirra. Þetta gerir það að verkum að börnin eiga auðveldara með að búa til leik úr litlu og nota ýmsan verðlausan efnivið til að auðga leikinn. Slíkur efniviður skapar aukin tækifæri fyrir börn til að upplifa flæði því með honum stjórna þau ferðinni og styrkleikar þeirra og hæfni fá að njóta sín. Aftur á móti komu fram vangaveltur um það hvort verkefnið hæfðu alltaf aldri og þroska barnanna og hvort leggja þyrfti markvisst inn ákveðna þekkingu í stað þess að nám barnanna færi eingöngu fram í gegnum leik.

Almenn ánægja var með samskiptin í Bogaborg sem viðmælendur sögðu að einkenndust fyrst og fremst af virðingu, jákvæðni og trausti. Samskiptin eru persónuleg og hlustað er á raddir barnanna sem veitir þeim aukin tækifæri til virkrar þátttöku. Lagt er upp með að börnin finni að þau séu velkomin í leikskólann og borin sé virðing fyrir þeim sem fullgildum einstaklingum. Góð samskipti eru án efa áhrifamikill þáttur í vellíðan og því mikilvægt að stuðla að góðum samskiptum líkt og gert er í Bogaborg. Aftur á móti þarf líklega stöðugt að finna gagnlegar leiðir til að eiga í samskiptum við foreldra og upplýsa þá um nám og líðan barna þeirra því ekki er víst að öllum henti sami samskiptamátinn.

## 5.6 Áskoranir og álitamál

Helstu álitamál rannsóknarinnar birtast í því að gagnaöflun fór fram í einum leikskóla og beinist að sérstöðu hans. Því má segja að rannsóknin gagnist einna helst umræddum leikskóla en geti aftur á móti gagnast öðrum leikskólum í hugmyndavinnu við aðrar aðstæður en í þessum leikskóla. Í ljósi þess að rannsakandi starfar í leikskólanum er óhjákvæmilegt að persónuleg reynsla hans og skoðanir geti hafi áhrif á það hvernig hann túlkar upplýsingar og niðurstöður. Tenging rannsakanda við leikskólann getur bæði verið kostur og ókostur.

Kostirnir eru einna helst þekkingin sem hann hefur á efninu og sú innsýn sem hann hefur í starfið. Einnig getur það talist kostur að rannsakandi þekkir til flestra viðmælendanna þar sem hann sér þá reglulega og heilsar og því líklegt að þeir treysti honum og séu tilbúnari til að opna sig. Ókostirnir geta hins vegar verið þeir að í ljósi tengingarinnar sem rannsakandi hefur við leikskólann geta skoðanir hans og vitneskja haft áhrif á það hvernig hann túlkar niðurstöðurnar. Það getur einnig reynst ókostur að þekkja til viðmælenda því mögulega vilja þeir ekki segja sína reynslu ef hún er ekki jákvæð. Á móti kemur að ákveðnar líkur geta verið á því að jákvætt viðhorf viðmælenda í garð leikskólans hafi haft áhrif á að þeir urðu fyrir valinu fremur en aðrir. Til að koma sem best í veg fyrir að reynsla rannsakanda og þekking hefðu áhrif á rannsóknina var hann meðvitaður um stöðu sína sem rannsakandi og þau áhrif sem staða hans gæti haft á túlkun niðurstaðna. Rannsakandi var meðvitaður um að gera viðmælendum grein fyrir því að þátttaka þeirra í rannsókninni væri þeim algjörlega frjáls og engum þrýstingi beitt á þá af hálfu rannsakanda. Þannig reyndi hann að koma í veg fyrir að

viðmælendum liði eins og þeir þyrftu að gera honum greiða í ljósi þess að þeir þekktu til hans.

Styrkleikar rannsóknarinnar eru einna helst þeir að ekki hafa margar rannsóknir verið gerðar á hugmyndum um flæði í leikskólastarfi og hvaða þættir það eru sem hafa áhrif á að börn komist í flæðiástand. Niðurstöðurnar getur rannsakandi nýtt til þróunar í eigin starfi auk þess sem aðrir leikskólakennarar sem hafa áhuga á að veita börnum tækifæri til að upplifa flæði í leikskólastarfi geta vonandi nýtt sér þær til góðs. Hagnýtt gildir rannsóknarinnar er meðal annars það að foreldrar fá tækifæri til að koma skoðunum sínum nafnlaust á framfæri sem hægt er að nýta til þróunar í starfi leikskólans. Einnig getur rannsóknin verið góð viðbót við þróunarverkefni sem verið er að vinna um þessar mundir í leikskólanum Bogaborg og fjallar um hlutverk leikskólakennara í flæði. Sá lærdómur sem má draga af þessari rannsókn er meðal annars sá að flæði í leikskólastarfi byggir á vellíðan barna og virkri þátttöku þeirra. Þar af leiðandi er mikilvægt að skapa börnunum námsumhverfi sem veitir þeim tækifæri til að upplifa flæði.

## 6 Lokaorð

Jákvætt viðhorf gagnvart börnum og tækifæri þeirra til virkrar þátttöku í leikskólastarfi eru meðal annars ástæður þess að ég hóf háskólanám að nýju og vildi verða leikskólakennari. Í meistaranámi mínu og við gerð þessa verkefnis hef ég lært margt áhugavert og gagnlegt sem hefur mótað mig sem persónu og áherslur mínar í starfi með börnum. Það sem stendur einna helst upp úr er hvernig viðhorf til barna og barnæsku hefur þróast í gegnum tíðina í átt til síðtímahugmynda. Samhliða þeirri þróun hefur staða barna styrkst og farið er að líta á þau sem fullgilda einstaklinga í samfélaginu en ekki einungis litið á barnæskuna sem undirbúning fyrir fullorðinsárin. Með lýðræðislegum vinnubrögðum og tækifærum barna til virkrar þátttöku í leikskólastarfinu gefst þeim færi á að upplifa flæði í leik og starfi. Þessir þættir hafa síðan góð áhrif á vellíðan þeirra og hjálpa til við að gera þau að sterkari einstaklingum með betri sjálfsmynd.

Eitt af því sem ég lærði við framkvæmd þessarar rannsóknar er hversu mikilvægt það er að foreldrar séu vel upplýstir um leikskólastarfið og viðfangsefni barna sinna. Ég tel að ef upplýsingamiðlun er góð sé líklegra að foreldrar séu meðvitaðri um það hvernig nám barna þeirra fer fram í leikskólanum. Mikilvægt er að upplýsingarnar séu foreldrum vel aðgengilegar og þeir upplýstir reglulega með hentugum leiðum sem ná til sem flestra. Sjónarmið fólks getur stangast á þar sem sumir telja mikilvægt að í leikskólum fari fram bein kennsla sem undirbýr börnin sérstaklega fyrir grunnskólagöngu en aðrir líta á mikilvægi þess að þau eigi í samskiptum við aðra og leiki sér. Þess vegna velti ég því fyrir mér hvernig ég sem verðandi leikskólakennari get gert leikskólastarfið sýnilegra foreldrum og vakið athygli á þroskandi áhrifum leiks á nám barna.

Í ljósi þess að þátttakendur rannsóknarinnar voru ekki valdir út frá kyni varð niðurstaðan sú að tekin voru fimm viðtöl við mæður en einungis eitt við föður. Áhugavert væri að vita hvort niðurstöður rannsóknarinnar yrðu aðrar ef kynjahlutfallið væri jafnara. Í framhaldi af þessari rannsókn væri fróðlegt að gera sambærilega rannsókn með börnum þar sem áhersla er lögð á reynslu barnanna í stað þess að skoða reynslu foreldra þeirra líkt og gert var í þessari rannsókn. Við gagnaöflunina leiddi ég hugann oft og iðulega að því hver svör barnanna væru við þeim spurningum sem ég spurði viðmælendur mína. Þau eru sérfræðingar í sínu lífi og þekkja best eigin reynslu.

Von mín er sú að leikskólakennarar og aðrir sem starfa með börnum skoði eigið viðhorf í garð barna, beri virðingu fyrir þeim með lýðræði að leiðarljósi og leggi sig fram við að veita þeim tækifæri til virkrar þátttöku þar sem þeim gefst kostur á að upplifa flæði.

## Heimildaskrá

- Anna Magnea Hreinsdóttir. (2008). „Af því að við erum börn“. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Sjónarmið barna og lýðræði í leikskólastarfi* (bls. 17–29). Reykjavík: Háskólaútgáfan og RannUng.
- Anna Magnea Hreinsdóttir. (2012). „Hver hlustar?“ Raddir barna og áhrif þeirra á leikskólastarf. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstj.), *Raddir barna* (bls. 75–98). Reykjavík: RannUng og Háskólaútgáfan.
- Ásta Egilsdóttir. (2006). Einingakubbar Caroline Pratt. *Flatarmál* 13(1), 2–8. Sótt af [https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/16796/Flatarmal\\_2006\\_1tbl.pdf?sequence=18](https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/16796/Flatarmal_2006_1tbl.pdf?sequence=18)
- Bae, B. (2012). Children and teachers as partners in communication: Focus on spacious and narrow interactional patterns. *International Journal of Early Childhood*, 44(1), 53–69.
- Brody, C. og Hirsch, E., S. (1996). Social studies through block building. Í E. S. Hirsch (ritstjóri), *The Block Book*. (bls. 61–74). Washington, DC: NAEYC (frumútgáfa 1984).
- Bryndís Garðarsdóttir og Kristín Karlsdóttir. (2012). Skráning námssagna: Sjónarhorn barna. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Raddir barna* (bls. 99–118). Reykjavík: RannUng og Háskólaútgáfan.
- City and Country School. (e.d.). Blocks program. Sótt af: <https://www.cityandcountry.org/programs/blocks-program>
- Clark, A. (2005). Listening to and involving young children: a review of research and practice. *Early Child Development and Care*, 175(6), 489–505.
- Clark, A. (2007). Views from inside the shed: young children's perspectives of the outdoor environment. *Education 3-13*, 35(4), 349–363.
- Cryer, D., Tietze, W. og Wessels, H. (2002). Parents' perceptions of their children's child care: A cross-national comparison. *Early Childhood Research Quarterly*, 17(2), 259–277.
- Csikszentmihalyi, M. (1975). *Beyond boredom and anxiety*. San Francisco: Jossey-Bass.
- Csikszentmihalyi, M. (1990). *Flow. The psychology of optimal experience: Steps toward enhancing the quality of life*. New York: HarperCollins Publishers.
- Csikszentmihalyi, M. (1997). *Finding flow*. New York: Basic.
- Csikszentmihalyi, M. (2004). *Flow, the secret to happiness* [myndskaið]. Sótt af [https://www.ted.com/talks/mihaly\\_csikszentmihalyi\\_on\\_flow](https://www.ted.com/talks/mihaly_csikszentmihalyi_on_flow)
- Dagbjört Svava Jónsdóttir. (2016). „Loksins er starfið sýnilegt“: Facebook sem samskiptamiðill í leikskólastarfi (óútgefin meistararitgerð). Sótt af: <https://skemman.is/bitstream/1946/25998/1/Meistararitger%C3%B0%20-%20Dagbj%C3%B6rt%20Svava%20J%C3%B3nsd%C3%B3ttir.pdf>



- Dahlberg, G., Moss, P. og Pence, A. R. (2013). *Beyond quality in early childhood education and care: Languages of evaluation* (3. útgáfa). London: Routledge.
- Dewey, J. (2000). *Reynsla og menntun* (Gunnar Ragnarsson þýddi). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands (Upphaflega gefin út 1938).
- Dockett, S. (2008). Hlustað á raddir barna: Börn og rannsóknir. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Sjónarmið barna og lýðræði í leikskólasterfi*. (bls. 33–46). Reykjavík: Háskólaútgáfan, Rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna.
- Elva Önundardóttir. (2010). „Þetta er besti dagur lífs míns“ Samfélagið í einingakubbum. Í Jóhanna Einarsdóttir og Ólafur Páll Jónsson (ritstjórar), *John Dewey í hugsun og verki: Menntun, reynsla og lýðræði* (bls. 73–88). Reykjavík: RannUng og Háskólaútgáfan.
- Emilsson, A., og Folkeson, A. (2006). Children's participation and teacher control. *Early Child Development and Care*, 176(3–4), 219–238.
- Erla Ósk Sævarsdóttir og Kristín Karlsdóttir. (2016). Leikskóli til lýðræðis: Hlustað á raddir barna og þau studd til áhrifa í daglegu lífi – samstarfsrannsókn. Í Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir (ritstjórar), *Leikum, lærum, lifum – Um grunnþætti menntunar í leikskólasterfi* (bls. 123–153). Reykjavík: RannUng og Háskólaútgáfan.
- Grace, D. J. og Brandt, M. E. (2006). Ready for success in kindergarten: A comparative analysis of teacher, parent, and administrator beliefs in Hawaii. *Journal of Early Childhood Research*, 4(3), 223–258.
- Groundwater-Smith, S., Dockett, S. og Bottrell, D. (2015). *Participatory research with children and young people*. London: Sage.
- Guba, E. G. Og Lincoln, Y. S. (1989). *Fourth generation evaluation*. Newbury Park: Sage.
- Guðrún Alda Harðardóttir og Baldur Kristjánsson. (2013). Þátttaka barna í ákvarðanatöku í leikskólasterfi. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://skemman.is/stream/get/1946/17447/40521/1/%C3%BE%C3%A1tttaka.pdf>
- Hagstofa Íslands. (e.d.). Börn og leikskólar í desember 1998 - 2017. Sótt af [https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag\\_\\_born\\_\\_1\\_\\_menntun\\_\\_1\\_\\_leikskolaborn/SKO01000.px/table/tableViewLayout1/?rxid=fb2bf2a9-9e08-4935-80a7-88679d62ad91](https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__born__1__menntun__1__leikskolaborn/SKO01000.px/table/tableViewLayout1/?rxid=fb2bf2a9-9e08-4935-80a7-88679d62ad91)
- Hall, K., Horgan, M., Ridgway, A., Murphy, R., Cunneen, M. og Cunningham, D. (2010). *Loris Malaguzzi and the Reggio Emilia experience* (2. útgáfa). London: Bloomsbury.
- Hart, R. A. (1992). *Childrens participation: From tokenism to citizenship*. Flórens, Ítalíu: UNICEF. Sótt af [https://www.unicef-irc.org/publications/pdf/childrens\\_participation.pdf](https://www.unicef-irc.org/publications/pdf/childrens_participation.pdf)
- Helga Jónsdóttir. (2013). Viðtöl í eiginlegum og meginlegum rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 137–153). Akureyri: Ásprent Stíll ehf.
- Hoyuelos, A. (2013). *The ethics in Loris Malaguzzi's philosophy and pedagogical work*. Reykjavík: Ísalda.

- Ingibjörg Sigurðardóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2012). „Við getum kennt þeim svo margt í gegnum leik“ Hlutverk þriggja leikskólakennara í leik barna. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2012/ryn/007.pdf>
- Jan Armstrong. (2010). Naturalistic inquiry. í Neil J. Salkind (ritstjóri), *The handbook of social work research methods*. California: Sage.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2005). Playschool in pictures: children's photographs as a research method. *Early Child Development and Care*, 175(6), 523–541.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2007). *Lítill börn með skólatöskur: Tengsl leikskóla og grunnskóla*. Reykjavík. Háskólaútgáfan, Rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2008a). Viðhorf til barna og áhrif á leikskólastarf. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Sjónarmið barna og lýðræði í leikskólastarfi* (bls. 17–29). Reykjavík: Háskólaútgáfan, Rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2008b). Þátttaka barna. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Sjónarmið barna og lýðræði í leikskólastarfi* (bls. 115–130). Reykjavík: Háskólaútgáfan, Rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2010). Leikskólastarf af sjónarhóli foreldra. *Uppeldi og menntun*, 1–2(19), 9–33.
- Kristín Karlsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir. (2008). Námsögur: Styrkleikar og færni leikskólabarna. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Sjónarmið barna og lýðræði í leikskólastarfi* (bls. 133–153). Reykjavík: Háskólaútgáfan, Rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna.
- Leeb-Lundberg, K. (1996). The Block Builder Mathematician. Í E. S. Hirsch (ritstj.). *The Block Book*. (3. útgáfa, bls. 34–60). Washington, DC: NAEYC (frumútgáfa 1984).
- Lewin-Benham, A. (2011). *Twelve Best Practices for Early Childhood Education. Integrating Reggio and other inspired approaches*. New York: Teachers College Press.
- Lichtman, M. (2013). *Qualitative research in education: A users guide*. London: Sage.
- Lincoln, Y. S. og Guba, E. G. (1985). *Naturalistic inquiry*. Newbury Park: Sage.
- Lög um leikskóla nr. 90/2008.
- Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.
- McClintic, S. (2014). Loose parts: Adding quality to the outdoor environment. *Texas Child Care Quarterly*, 38(3), sótt af: [http://www.childcarequarterly.com/pdf/winter14\\_parts.pdf](http://www.childcarequarterly.com/pdf/winter14_parts.pdf)
- McClintic, S. og Petty, K. (2015) Exploring Early Childhood Teachers' Beliefs and Practices About Preschool Outdoor Play: A Qualitative Study. *Journal of Early Childhood Teacher Education*, 36(1), 24–43.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámskrá leikskóla*. Reykjavík: Höfundur.

- National council for curriculum and assessment (NCCA). (2015). Using open-ended materials. Sótt af: <http://aistearsiolta.ie/en/Creating-And-Using-The-Learning-Environment/Resources-for-Sharing/Open-ended-materials.pdf>
- Neill, P. (2013). Open-ended materials belong outside too! *Extensions: Curriculum newsletter from HighScope*, 27(2), 1–8. Sótt af <http://www.imagineeducation.com.au/files/CHCECE018022/9.pdf>
- Persónuvernd.is. (2018). Tilmæli vegna notkunar samfélagsmiðla í skóla- og frístundastarfi: Tilmæli Persónuverndar til leikskóla, grunnskóla, frístundaheimila og íþróttafélaga um notkun á samfélagsmiðlum. Sótt af <https://www.personuvernd.is/personuvernd/frettir/tilmaeli-vegna-notkunar-samfelagsmidla-i-skola-og-fristundastarfi>
- Pramling Samuelsson, I. og Asplund Carlsson, M. (2008). The playing learning child: Towards a pedagogy of early childhood. *Scandinavian Journal of Educational Research*, 52(6), 623–641.
- Rinaldi, C. (1998). Projected curriculum and documentation. Í C. Edwards, L. Gandini og G. Forman (ritstjórar), *The hundred languages of children: The Reggio Emilia approach-Advanced reflections* (2. útgáfa) (bls. 113–126). Westport, Connecticut: Ablex publishing.
- Rogoff, B. (2003). *The cultural nature of human development*. New York: Oxford University Press.
- Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins*. (1989). Sótt af <https://www.barn.is/barnasattmalinn/barnasattmalinn-i-heild/>
- Sara Margrét Ólafsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir. (2016a). Flæði í leik og námi leikskólabarna. Í Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir (ritstjórar), *Leikum, lærum, lifum – Um grunnþætti menntunar í leikskólasterfi* (bls. 57–76). Reykjavík: RannUng og Háskólaútgáfan.
- Sara Margrét Ólafsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir. (2016b). Velliðan barna í leikskóla – samstarfsrannsókn. Í Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir (ritstjórar), *Leikum, lærum, lifum – Um grunnþætti menntunar í leikskólasterfi* (bls. 31–54). Reykjavík: RannUng og Háskólaútgáfan.
- Sara Margrét Ólafsdóttir. (2013). „Það skapar velliðan að þurfa ekki að keppa við tímann“: Áhrif skipulags á velliðan barna í leikskóla (óútgefin meistararitgerð). Sótt af <https://skemman.is/bitstream/1946/16816/2/Lokaverkefni%2019.%20sept.%202013%20Opdf.pdf>
- Sigríður Halldórsdóttir og Sigurlína Davíðsdóttir. (2013). Réttmæti og áreiðanleiki í megindegum og eigindlegum rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 211–227). Akureyri: Ásprent Stíll ehf.
- Waller, T. (2007). „The trampoline tree and the swamp monster with 18 heads“: outdoor play in the foundation stage and foundation phase. *Education 3-13*, 35(4), 393–407.

Winsor, C., B. (1996). Blocks as a material for learning through play. Í E. S. Hirsch (ritstjóri),  
*The Block Book*. (bls. 1–8). Washington, DC: NAEYC (frumútgáfa 1984).

Wood, E. (2013). *Play, learning and the early childhood curriculum* (3. útgáfa). London: Sage.

## Viðauki A: Viðtalsrammi

Hverjar eru hugmyndir þínar um leikskólastarfið í Bogaborg?

Reynsla foreldra af líðan barna þeirra í leikskóla þar sem unnið er með hugmyndir um flæði

- Hvernig telur þú að barninu þínu líði í leikskólanum?
- Hverjar telur þú ástæður þess vera?
- Getur þú komið með dæmi?

Reynsla þeirra af skipulagi starfsins

- Hvaða hugmyndir hefur þú um dagskipulag leikskólans?
- Er eitthvað sem þið mynduð vilja breyta?
- Hvernig á þetta við ykkar barn?
- Hvers vegna? Dæmi?

Reynsla þeirra af samskiptum við starfsfólk

- Hver er reynsla þín af samskiptum þínum við starfsfólk?
- Hver er reynsla þín af samskiptum barnsins við starfsfólk?
- Að hvaða leyti telur þú að barnið geti haft áhrif á nám sitt í leikskólanum?

Reynsla þeirra af viðfangsefnum sem standa börnunum til boða

- Hvað finnst barninu skemmtilegt að gera í leikskólanum?
- Að hvaða leyti fær barnið tækifæri til að sinna áhuga sínum í leikskólanum?
- Hvernig lýsir þú fjölbreytni viðfangsefna sem standa börnunum til boða?
- Hvað um efniviðinn sem stendur þeim til boða?

Reynsla þeirra af umhverfi leikskólans

- Hvernig lýsir þú umhverfi leikskólans, þar á meðal Engi?
- Á hvaða hátt telur þú umhverfið vera þroskandi?
- Eitthvað sem er hægt að bæta? Hvað?

Hefur barninu þínu einhverntíma liðið sérstaklega vel eða sérstaklega illa? Dæmi?

Á hverju byggir þú vitneskju þína?

Eitthvað sem þú vilt bæta við?

Hvers vegna?  
Hvernig þá?  
Að hvaða leyti?  
Dæmi?

## Viðauki Á: Leyfi leikskólastjóra

Leyfi fyrir framkvæmd verkefnis

Reykjavík 4. febrúar 2019

Ég gef Ingunni Heiðu Kjartansdóttur, nemanda í Menntunarfræði leikskóla M.Ed. við Háskóla Íslands, leyfi til að vinna meistaraverkefni sitt hér í leikskólanum Bogaborg og safna þeim gögnum sem hún þarf er varða rannsókn hennar.

---

*Leikskólastjóri*

## Viðauki B: Tilkynning til Reykjavíkurborgar

Tölvupóstur

Sæl Elísabet

Ingunn Heiða heiti ég og starfa í leikskólanum Bogaborg. Þessa önnina er ég að vinna lokaverkefni í Menntunarfræði leikskóla M.Ed. við Háskóla Íslands. Í lokaverkefninu ætla ég að gera rannsókn á líðan barna í leikskóla þar sem dagskipulagið er sveigjanlegt og unnt er að upplifa flæði. Rannsóknin verður eigindleg og mun ég taka viðtöl við foreldra barna í leikskólanum Bogaborg. Fyllsta trúnaðar verður gætt og foreldrum gert ljóst að þeim er frjálst að hætta þátttöku hvenær sem er. Hluti af siðferðislegum þáttum við gerð rannsóknarinnar er að tilkynna hana til viðeigandi aðila og benti leikskólastjórinn mér á að senda tölvupóst til þín vegna tilkynningar til Reykjavíkurborgar. Ef eitthvað er óljóst máttu endilega hafa samband við mig.

Kær kveðja,

Ingunn Heiða

## Viðauki D: Upplýst samþykki þátttakenda

Upplýst samþykki þátttakenda fyrir viðtal vegna eigindlegrar rannsóknar við skrif á lokaverkefni við Menntunarfræði leikskóla - M.Ed.

Rannsakandi er Ingunn Heiða Kjartansdóttir nemandi í Menntunarfræði leikskóla við Háskóla Íslands.

Markmið rannsóknarinnar er að fá upplýsingar um líðan barna í leikskóla sem styðst við hugmyndir um flæði. Rannsóknin byggir á viðtölum við foreldra barna í slíkum leikskóla þar sem sóst er eftir reynslu þeirra af líðan barna þeirra í leikskólanum. Von er að rannsóknarniðurstöðurnar nýtist til þróunar og úrbóta í leikskólastarfi.

Viðmælanda ber ekki skylda til að taka þátt og er frjálst að hætta í viðtalinu hvenær sem er.

Viðmælanda er frjálst að sleppa því að svara einstaka spurningum.

Rannsakandi heitir fullum trúnaði og nafnleynd þátttakenda.

Svör viðmælanda verða ekki rekjanleg til þeirra.

Gögnum verður eytt eftir úrvinnslu gagna.

Mér hefur verið kynntur tilgangur þessarar rannsóknar og í hverju þátttaka mín er fólgin.

---

*Með undirskrift minni samþykki ég þátttöku*